FRÉTTABLAÐIÐ


AUGLÝSING

113. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 10. JÚNÍ 2021

UEFA EURO2020

ÞAÐ VERÐUR VEISLA!

11. JÚNÍ - 11. JÚLÍ



Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

EM2020

UEFA EURO2020

RIÐLAKEPPNI

	1. umferð					2. umferð				3. umferð			
	FÖS 11.06	LAU 12.06	SUN 13.06	MÁN 14.06	ÞRI 15.06	MIÐ 16.06	FIM 17.06	FÖS 18.06	LAU 19.06	SUN 20.06	MÁN 21.06	ÞRI 22.06	MIÐ 23.06
RÓM Olimpico í Róm	1 TYR v ÍTA 19:00					14 ÍTA v SVI 19:00				26 ÍTA v WAL 16:00			
BAKÚ Baku Olympic Stadium		2 WAL v SVI 13:00					13 TYR v WAL 16:00				25 SVI v TYR 16:00		
SANKTI PÉTURSB. Saint Petersburg Stadium		4 BEL v RÚS 19:00		10 PÓL v SLÓ 16:00			15 FIN v RÚS 13:00		21 SVÍ v SLÓ 13:00		28 FIN v BEL 19:00		34 SVÍ v PÓL 16:00
KAUPMANNAHÖFN Parken Stadium		3 DAN v FIN 16:00						16 DAN v BEL 16:00			27 RÚS v DAN 19:00		
AMSTERDAM Johan Cruijff ArenA			5 HOL v ÚKR 19:00					17 HOL v AUS 19:00			29 MKD v HOL 16:00		
BÚKAREST National Arena Bucharest			6 AUS v MKD 16:00					18 ÚKR v MKD 13:00			30 ÚKR v AUS 16:00		
LONDON Wembley Stadium			7 ENG v KRÓ 13:00					20 ENG v SKO 19:00			32 TÉK v ENG 19:00		
GLASGOW Hampden Park				8 SKO v TÉK 13:00				19 KRÓ v TÉK 16:00			31 KRÓ v SKO 19:00		
SEVILLA La Cartuja Stadium Seville				9 SPÁ v SVÍ 19:00					22 SPÁ v PÓL 19:00				33 SLÓ v SPÁ 16:00
MÜNCHEN Football Arena Munich					12 FRA v ÞÝS 19:00				24 POR v ÞÝS 16:00				36 ÞÝS v UNG 19:00
BÚDAPEST Puskás Aréna					11 UNG v POR 16:00				23 UNG v FRA 13:00				35 POR v FRA 19:00



LEIÐBEININGAR

Fylgstu með EM2020 á Stöð 2 Sport og fylltu inn markatölurnar.

DÆMI

RÚS	Eng
2	0

Hægt er að nálgast dagatalið á tölvutæku formi á
STOD2.IS/EURO2020

FRÉTTABLAÐIÐ

113. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 10. JÚNÍ 2021



Þetta tilkomumikla mastur tilheyrir seglskipinu Eagle, skólaskipi á vegum bandarísku strandgæslunnar. Skipið kom til Reykjavíkur í gær á leið sinni frá Asóreyjum, en það heimsótti Ísland síðast fyrir einum tíu árum síðan. Almenningi gefst tækifæri til að stíga um borð og skoða skipið á milli klukkan 11 og 20 á morgun og á sunnudaginn á milli klukkan 10 og 18. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stefnir í íslenskt jólahald á Tenerife

Sólarþorsti er kominn í landann, sem bókar ferðir á vinsæla sólarlandastaði af töluverðu kappi. Bókunartölur fara hækkandi hjá ferðaskrifstofum. Þó að næstu jól innifeli fremur fáa frídaga liggur straumurinn til Tenerife.

benediktboas@frettabladid.is

FERÐALÖG „Það sem kom okkur á óvart var eftirspurnin til Tenerife um jólin. Við fylltum strax tvær vélar og erum búin að bæta við þremur og þær eru langt komnar," segir Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða. Þráinn Vigfússon, hjá VITA, tekur í sama streng. „Jólin á Tenerife voru uppseld og það var bætt við aukaferð sem er nálægt því að vera uppseld."

Ferðaþorsti landsmanna er orðinn mikill eftir Covid og löngun eftir hvíld við sundlaugarbakka í þrjátíu gráðum er mikil. Þótt jólahátíðin í ár innihaldi ekki marga frídaga verða gífurlega margir Íslendingar þar úti. Birgir Jónsson, forstjóri Play, segir að hann sé upp með sér að fólk treysti nýjasta ferðafélagi landsins fyrir ferðum um jólin. „Íslendingar eru greinilega mjög sólarþyrstir því það er mikið keypt af ferðum til Tenerife í kringum jólin og næstu páska. Það er jákvætt fyrir okkur því við erum ný á markaðnum, að fólk er að treysta okkur fyrir svona mikilvægum ferðum með stórfjölskyldunni. Við erum stolt af því og tökum því alvarlega," segir forstjórinn. Hann býst við að aukaflugum verði bætt við til Tenerife um jólin miðað við eftirspurnina.

Hjá Icelandair fengust þær upplýsingar að ferðaáhuginn hafi aukist mikið undanfarna daga. Vel sé bókað inn í haustið og veturinn. „Við sjáum að með auknum bólusetningum í heiminum og fækkandi smitum hafa Íslendingar verið mjög fljótir að taka við sér," segir Birna Ósk Einarsdóttir hjá sölu- og þjónustusviði Icelandair.

> Það er jákvætt fyrir okkur af því við erum ný á markaðnum að fólk er að treysta okkur fyrir svona mikilvægum ferðum með stórfjölskyldunni.



Birgir Jónsson, forstjóri Play.

Tómas segir að haustið sé að bókast vel og bjartsýni með ferðir í sumar. Fyrsta flug Heimsferða verður á laugardag. Byrjað verði rólega en svo fari allt á fullt. „Við erum að sjá margar stórar bókanir þar sem fjórir til fimm eru saman á hverri bókun. Það er að lifna yfir þessu og svo hefur nú veðrið líka ekki verið gott í borginni," segir hann.

Þráinn segir að sumarið líti vel út hjá Vita. Það séu ekki mörg sæti eftir í júní. „Almennt er október vel bókaður í sólina til Alicante og Tenerife. Straumurinn liggur þangað. Það sem er óvenjulegt er að nokkrar brottfarir eru uppseldar í október. Við sjáum líka að barnafjölskyldur eru að koma sterkar inn. Fólk með börn í leik- og grunnskóla er mikið að bóka seinni part sumars út í sólina," segir Þráinn. ■

Lág vatnsstaða miðlunarlóna ekki áhyggjuefni

thg@frettabladid.is

ORKUMÁL Þrátt fyrir að vatnsstaða miðlunarlóna Landsvirkjunar sé töluvert lægri en gert hafði verið ráð fyrir er ekki ástæða til þess að hafa áhyggjur af skerðingum á framboði raforku þegar líða tekur á haustið. Þetta er mat Tinnu Traustadóttur, framkvæmdastjóra sölu- og þjónustusviðs Landsvirkjunar.

Tíðarfar í maí var einkum kalt og þurrt, en hvort tveggja verkar til hægari bráðnunar íss og snjós á hálendinu til fyllingar á uppistöðulónum vatnsaflsvirkjana.

„Niðurdráttur í miðlunarlónum hefur verið talsverður og stöðugur. Með batnandi tíð má gera ráð fyrir einhverjum leysingum, sérstaklega fyrir austan," segir Tinna. – SJÁ SÍÐU 10





Skotið var á skrifstofu Samfylkingar.

Enn óákveðið um ákæru í skotmáli

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Enn hefur ekki verið ákveðið hvort maður sem grunaður hefur verið um skotárás á bíl borgarstjóra í janúar síðastliðnum, verði ákærður.

Maðurinn hefur einnig verið undir grun um að hafa skotið á skrifstofur flokksins við Sóltún 26 fyrr í sama mánuði.

Mikið var fjallað um málið þegar það kom upp og lögregla lýsti því yfir að málið yrði í algerum forgangi. Þann 30. janúar var maðurinn handtekinn og úrskurðaður í tveggja daga gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Um fyrrverandi lögreglumann er að ræða og fóru lögreglumenn hjá embætti héraðssaksóknara með rannsókn málsins. Þeirri rannsókn lauk um miðjan maí og er málið á borði ákærusviðs.

Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um ákæru, að sögn Önnu Barböru Andradóttur, saksóknara hjá embættinu. ■

Beðið eftir bóluefni



Langar biðraðir mynduðust við Laugardalshöll þegar mikill fjöldi fólks mætti til þess að fá seinni bólusetningu með Astra Zeneca-bóluefninu. Margir biðu í meira en klukkustund í röð, sem náði eftir endilangri Suðurlandsbraut, niður Reykjaveg og að Laugardalshöll. Af samræðum við fólk í röðinni mátti merkja að fólk virtist sátt við að vera bólusett og setti biðina ekki fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sautján stúlkur og einn drengur fengu að giftast

adalheidur@frettabladid.is



Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata.

ALÞINGI Af þeim átján sem fengið hafa undanþágu frá hjúskaparlögum frá árinu 1998, til að ganga í hjónaband þrátt fyrir að hafa ekki náð átján ára aldri, er aðeins einn karlmaður. Hann óskaði eftir undanþágu frá lögunum árið 2007, þá sautján ára gamall, en hjónaefni hans var þá átján ára.

Utan hans hafa einungis konur óskað eftir og fengið umrædda undanþágu. Engin undanþága hefur þó verið veitt frá árinu 2016. Í flestum tilvikum er umsækjandi undanþágu sautján ára, en í tveimur tilvikum er um sextán ára stúlku að ræða. Aldur hjónaefnis er oftast í kringum 25 ár, en í tveimur tilvikum var um 31. árs hjónaefni að ræða.

Dómsmálaráðuneytið sendi allsherjar- og menntamálanefnd þessar upplýsingar í gær vegna frumvarps sem Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata, lagði fram en í því er lagt til að afnumin verði heimild til að veita fólki leyfi til að ganga í hjúskap þótt það uppfylli ekki almenn aldursskilyrði hjúskaparlaga. ■



Lionsklúbburinn gerir upp elsta húsið í Kópavogsbæ

Félagar í Lionsklúbbi Kópavogs hyggjast gera upp elsta hús Kópavogs, Kópavogsbúið, í samstarfi við bæinn. Áætlaður kostnaður er 53 milljónir og gert er ráð fyrir að verkið taki tvö og hálft ár.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Markmiðið er að útbúa tvær íbúðir í húsinu sem yrðu leigðar á sanngjörnu verði foreldrum langveikra barna í Rjóðrinu sem og aðstandendum sjúklinga á Líknardeild og öðrum deildum Landspítala," segir Einar G. Bollason, meðlimur í Lionsklúbbi Kópavogs (LKK).

Meðlimir Lionsklúbbsins hyggjast gera upp Kópavogsbúið, elsta hús Kópavogs í samstarfi við bæinn. Áætlaður kostnaður við verkið er 53 milljónir króna og gert er ráð fyrir að verkið taki tvö og hálft ár. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, og Högni Guðmundsson, formaður LKK, munu skrifa undir samstarfssamning næstkomandi þriðjudag. Samningurinn felur í sér 25 milljóna króna framlag bæjarins til verkefnisins.

Undanfarin ár hefur LKK lagt áherslu á stuðning við Rjóðrið, hjúkrunar- og endurhæfingardeild fyrir langveik og langveik fötluð börn sem hefur starfsstöð sína í Kópavogi. Klúbburinn hefur veitt alls rúmlega 18 milljónir til Rjóðursins sem nýttar hafa verið í ýmsa uppbyggingu starfseminnar. Til að mynda gaf Lionsklúbburinn Rjóðrinu sérútbúinn bíl fyrir hreyfihömluð börn og börn í hjólastólum, fyrir afrakstur fjáröflunarkvölda klúbbsins.

Einar segir að verkefnið hefði ekki getað orðið að veruleika ef ekki væri fyrir fjárframlag bæjarins. „Mismuninn borgar svo klúbburinn og vonandi með þátttöku helstu styrktaraðila klúbbsins, bæði fyrirtækja og einstaklinga," segir hann.



Húsið var byggt á svipaðan hátt og Alþingishúsið í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Í húsinu verða tvær íbúðir sem leigðar verða meðal annars til foreldra langveikra barna.

Einar segir Kópavogsbýlið verða gert upp af meðlimum Lionsklúbbsins, það sé einnig stór þáttur í því að verkefnið geti orðið að veruleika. „Okkar menn og félagar munu að miklu leyti vinna þetta, margir þeirra eru til dæmis iðnaðarmenn," segir hann.

Kópavogsbúið var reist af Erlendi Zakaríassyni á árunum 1902-1904. Húsið er hlaðið úr tilhöggnu grjóti og við byggingu þess notaði Erlendur, sem var steinsmiður, steinlím með svipuðum hætti og hann hafði lært þegar hann vann að byggingu Alþingishússins á árunum 1880-1881. Húsið er elsta húsið í Kópavogi og er eitt fárra steinhlaðinna húsa sem enn standa utan Reykjavíkur.

Jörðin sem húsið stendur á á sér langa sögu og var þar til að mynda þingstaður til ársins 1751. Kópavogsbúið var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra 12. október árið 2012 og nær friðunin til ytra byrðis hússins. ■

islenskt.is

Tumatór


Það er svo létt að breyta íslenskum tómat
í eitthvað alveg nýtt og ferskt.



Borðaðu hann í heilu lagi; skorinn í tvennt, í báta eða þunnar sneiðar
eða maukaðu hann í djúsí sósu með pastanu.

Vatnsmælirinn: **Tómatur**

94% íslenskt vatn



Sölufélag garðyrkjumanna

Íslenskt grænmeti

Þú veist hvaðan það kemur

Fyrirsláttur að kenna faraldri um örlög þjóðgarðsins

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI „Það er náttúrulega fyrirsláttur hjá stjórnarflokkunum og ríkisstjórninni að segja að kórónuveirufaraldurinn hafi komið í veg fyrir miðhálendisþjóðgarð," segir Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingkona Samfylkingarinnar. Hún segir málið hafa verið ágætlega undirbúið af umhverfisráðherra, með tveggja ára samráðsferli með fundahöldum með sveitarfélögum um allt land. Því verði faraldrinum ekki kennt um.

Rósa gagnrýnir þá niðurstöðu sem málið hefur fengið, en umhverfis- og samgöngunefnd þingsins leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. „Hvaða ríkisstjórnar er verið að vísa þessu máli til?" spyr Rósa og bendir á að kosningar séu handan við hornið og því algerlega óvíst hvaða ríkisstjórn þingið ætlist til að taki málið upp.



Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingkona Samfylkingarinnar.

„Það er bara alveg ljóst að það er ósamstaða hjá ríkisstjórnarflokkunum um að klára þetta stóra mál sem var eitt stærsta mál ef ekki það stærsta í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar af hálfu Vinstri grænna," segir Rósa.

Aðspurð segir hún að vel hefði verið hægt að klára málið hefðu stjórnarflokkarnir komið sér saman um það. „Það er ljóst að VG hefur beðið mjög mikinn ósigur í þessu máli og Sjálfstæðisflokkurinn hefur sigrað," segir Rósa. Andstaða Framsóknar við málið hafi svo komið fram á síðustu stigum málsins og endanlega gengið frá því.

Við þetta bætist svo að umhverfisráðherra hafi heldur ekki tekist að koma rammaáætlun í gegn, né frumvarpi sínu um þjóðgarðastofnun. „Það er ansi rýr uppskera hjá umhverfisráðherra á þessu kjörtímabili," segir Rósa, sem yfirgaf Vinstri græn á kjörtímabilinu vegna óánægju með stjórnarsamstarfið. ■



Vinningurinn er fimm sinnum stærri en sá næststærsti hingað til.

Íslendingur vann yfir milljarð í Víkingalottóinu

arnartomas@frettabladid.is

HAPPDRÆTTI Íslenskur þátttakandi í Víkingalottóinu vann í gær hæsta vinning sem hefur komið til Íslands, eða 1.270 milljónir. Í tilkynningu frá Íslenskri getspá er vinningurinn sagður um fimm sinnum hærri en sá næststærsti á landinu hingað til.

Vinningurinn nam 1.279 milljónum sem er hæsti vinningur sem komið hefur til Íslands.

Þessi himinháa upphæð er komin til vegna kerfisbreytinga en nýlega voru gerðar breytingar á Víkingalottóinu til að auka líkur á stórum vinningum. Samkvæmt þeim er fyrsti vinningur að hámarki 3,6 milljarðar.

Íslenski þátttakandinn var einn með annan vinning og í tilkynningu Íslenskrar getspár segir að hann hafi keypt miðann á heimasíðu Lottó. ■

Hafni vindmyllum vegna andstöðu en VSÓ segir upplýsingar vera rangar

Borgarbyggð á að marka skýra stefnu um nýtingu vindorku, segir skipulagsnefnd sem vill að sveitarstjórn hafni óskum um vindmyllugarð vegna mikillar andstöðu. VSÓ ráðgjöf segir nokkuð um misskilning og rangar upplýsingar um mögulega áhrif af vindmyllunum.

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL „Yfir 70 athugasemdir bárust á kynningartíma lýsingar og mikil andstaða er við framkvæmdina," segir skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar sem leggur til að sveitarstjórn hafni því að samþykkja breytt aðalskipulag svo reisa megi vindmyllugarð á Grjóthálsi.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu vilja eigendur Sigmundarstaða og Hafþórsstaða reisa vindmyllur á Grjóthálsi til að framleiða raforku. Eiga spaðar þeirra að ná allt að 150 metrum upp í loft í hæstu stöðu. Yfir 70 athugasemdir bárust á kynningartíma lýsingar og mikil andstaða er við framkvæmdina. VSÓ ráðgjöf vann ítarlega skýrslu fyrir þá sem hyggjast standa að vindmylllunum og svarar þar mörgum athugasemdum sem bárust.

„Nokkuð er um misskilning og rangar upplýsingar um áhrif af mögulegum framkvæmdum á Grjóthálsi sem nauðsynlegt er að leiðrétta," segir í skýrslu VSÓ. Unnið sé að umfangsmiklum rannsóknum og gagnaöflun og niðurstöður verði kynntar á opnum miðlum og fundum.

Meðal þess sem gagnrýnt hefur verið er hávaða- og sjónmengun. VSÓ segir að áhersla verði á hljóðvist og þess verði gætt meðal annars með staðsetningu vindmylla.



„Þá er horft til þess að nota nýjustu vindmyllutækni sem er mun hljóðlátari en eldri gerðir vindmylla," segir í skýrslu VSÓ. Myndin er úr Norðurárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Áform eru um að reisa í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða í Borgarbyggð tvær til sex vindmyllur sem ná 150 metra upp með spaða í hæstu stöðu.

„Framkvæmdaaðilar sjálfir eiga íbúðarhúsin sem næst standa fyrirhuguðum framkvæmdum og hafa því mikilla hagsmuna að gæta varðandi hljóðvist. Þá er horft til þess að nota nýjustu vindmyllutækni sem er mun hljóðlátari en eldri gerðir vindmylla, til dæmis þær myllur sem reistar voru í Þykkvabæ," segir í skýrslu VSÓ.

Þá segir að lagðar séu til fáar vindmyllur til að minnka sjónræn áhrif andstætt áformum víða um landið.

„Þó greina megi vindmyllur við bestu skilyrði með góða sjón úr talsverðri fjarlægð munu þær helst sjást úr Þverárhlíð og ofan Grábrókar," segir VSÓ.

Meðal annarra athugasemda sem komu fram var að vindmyllurnar hefðu neikvæð áhrif á ferðaþjónustu með því að skerða upplifun ferðamanna, veiðimanna og náttúruunnenda og þar af leiðandi draga úr aðsókn. VSÓ segir að við frekari undirbúning verði þetta kannað og metið.

„Að mati framkvæmdaaðila er Grjótháls ein besta staðsetningin í sveitarfélaginu því hann er í talsverðri fjarlægð frá helstu ferðamannaleiðum og fer ekki inn á ósnortin víðerni," segir í skýrslunni.

Sem fyrr segir leggur skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar til að aðalskipulagsbreytingunni verði hafnað og er málið nú á borði sveitarstjórnarinnar sem fundar í dag.

„Jafnframt telur nefndin mikilvægt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um nýtingu vindorku í endurskoðun á aðalskipulagi Borgarbyggðar." ■



NÝTT

Sirius Rjómasúkkulaði

MEÐ HINDBERJATROMPBITUM OG SALTLAKKRÍS



TROMPAÐU SUMARIÐ!

Glæný og geggjuð blanda af sívinsæla rjómasúkkulaðinu okkar og hindberjatrompbitum. Það er fátt sem Trompar þetta!

Notkunin á fyrri ferðagjöfinni býsna fjölbreytt

arnartomas@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Íslendingar nýttu ferðagjöf stjórnvalda hjá 675 fyrirtækjum. Þetta kemur fram í tölum frá Ferðamálastofu.

Þar er gerð grein fyrir 915,4 milljónum króna sem Íslendingar nýttu af ferðagjöfinni. Eins og áður hefur komið fram fékk FlyOver Iceland meira af ferðagjöfinni en nokkurt annað fyrirtæki, um 53 milljónir króna. Þar á eftir voru N1 með um 49 milljónir, Olís með 44,7 milljónir og KFC með 32 milljónir.

Heimsóknir á veitingastaði voru vinsæl leið til að verja ferðagjöfinni, og fékk Pizza Pizza ehf., sem reka Domino's á Íslandi, tæplega 25 milljónir, Hlöllabátar 21,7 milljónir og Subway 11,7 milljónir. Þá var gjöfin einnig nýtt hjá veitingastöðum sem ekki eru hluti af stærri keðjum og á öldurhúsum. Sæta svínið og Tapasbarinn fengu um 5 milljónir hvort, Prikið 717 þúsund og Dillon 270 þúsund.

Margir nýttu ferðagjöfina einnig til að skella sér í bað og fékk Blá lónið 26,3 milljónir, Vök Baths 10,4 og Krauma náttúrulaugar 7,8 milljónir.

Hótel landsins voru líka vinsæl og fengu Íslandshótel hf. 30,8 milljónir, Flugleiðahótel 26,9 milljónir og KEAhótel 10,9 milljónir.

Sum fyrirtæki fengu þó mun lægri upphæðir. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum fékk minnst allra, alls 1.500 krónur. Þar fyrir ofan var Skriðuklaustur með 2.201 krónu og Minjasafn Austurlands með 2.400. ■



Prikið fékk um 717 þúsund krónur.

Dæmdur fyrir að hætta lífi fjölda verkamanna

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Eigandi starfsmannaleigu var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að stefna lífi erlendra verkamanna í bráða hættu vegna aðstæðna í iðnaðarhúsi sem verkamennirnir bjuggu í. Frá þessu var greint í kvöldfréttum RÚV í gær. Dómurinn hefur ekki verið birtur.


Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari.

Á þriðja tug verkamanna bjó í húsinu þegar málið kom upp 2018. Búið var að hólfa plássið niður í svokallaða svefnkassa úr spónaplötum en engar flóttaleiðir voru fyrir hendi og engar brunavarnir. Eldhætta var því mikil.

Að sögn Kolbrúnar Benediktsdóttur varahéraðssaksóknara felur dómurinn í sér að umráðamaður fasteignar, sem er í þessu tilviki leigutaki, beri refsiábyrgð á breytingum sem skapað geti hættu og á því að brunavörnum sé áfátt. ■

Fanga kolefni og nýta glatvarma

arnartomas@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, undirritaði í gær viljayfirlýsingu um fjölnýtingu á efnisstraumum á Grundartangasvæðinu.

Ásamt Þórdísi Kolbrúnu undirrituðu fulltrúar frá Elkem, Veitum,


Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

CarbFix og Þróunarfélagi Grundartanga yfirlýsinguna.

Um er að ræða samstarfsverkefni sem felur í sér föngun kolefnis og nýtingu glatvarma á svæðinu. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að efla orkuskipti og nýsköpun.

„Hér er stefnan tekin á tvö spennandi og góð verkefni sem samrýmast fullkomlega nýrri Orkustefnu fyrir Ísland," segir Þórdís Kolbrún um verkefnið. ■

Nýliðar gætu gert þingmönnum skráveifu í prófkjöri í Kraganum

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Kraganum er hafið og stendur til laugardags. Formaður flokksins er óskoraður foringi í kjördæminu en margir vilja vera í 2. sæti.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi gefa áfram kost á sér í prófkjöri flokksins sem hefst í dag og stendur fram á laugardag.

Fjármálaráðherra og formaður flokksins gefur einn kost á sér til forystu í kjördæminu en hinir þingmennirnir þrír gefa allir kost á sér í 2. sæti. Þetta eru Bryndís Haraldsdóttir, Óli Björn Kárason og Jón Gunnarsson.

Í síðasta prófkjöri sem haldið var fyrir kosningarnar 2016 varð Jón Gunnarsson í 2. sæti, Óli Björn Kárason í 3. sæti og Bryndís Haraldsdóttir í 5. sæti. Henni var hins vegar lyft alla leið upp í 2. sæti vegna karlaslagsíðu á listanum. Vilhjálmur Bjarnason sem lenti í 4. sæti í prófkjörinu varð af þessum sökum af þingsæti en flokkurinn fékk fjóra menn kjörna á þing. Í síðustu kosningum var sami listi boðinn fram, vegna þess hve brátt kosningarnar bar að.

Fleiri en þingmennirnir þrír vilja hins vegar sæti framarlega á lista. Vilhjálmur freistar þess að komast aftur á þing og gefur kost á sér í 3. sæti eða ofar. Kristín Elísabet Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, og Kristín Thoroddsen, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, sækjast einnig báðar eftir þriðja sæti. Þær voru í 6. og 7. sæti á lista flokksins fyrir síðustu kosningar.

Tveir áhugaverðir nýliðar gefa nú kost á sér í örugg þingsæti fyrir flokkinn. Arnar Þór Jónsson héraðsdómari sækist eftir 2. til 3. sæti og


Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, er óskoraður foringi í Kraganum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Arnar Þór Jónsson sækist eftir 2. til 3. sæti.


Sigþrúður Ármann sækist eftir 3. sæti.

Sigþrúður Ármann, lögfræðingur og framkvæmdastjóri, gefur kost á sér í 3. sæti. Margir eru forvitnir um hennar gengi í prófkjörinu en hún þykir eiga öflugt stuðningsnet kvenna í kjördæminu.

Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, sækist eftir 4. sæti en hann er þekkt andlit í prófkjörum flokksins í kjördæminu.

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði, sækist einnig eftir því sæti. Þá sækist Hannes Þórður Þorvaldsson eftir 5. sæti.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Sjálfstæðismenn hafi mikið velt fyrir sér hver áhrif þess mikla hita sem var í prófkjörinu í Reykjavík muni hafa á prófkjörið í Kraganum og prófkjörið í Norðvesturkjördæmi og hvort frambjóðendur í innsta hring forystunnar þurfi að óttast áhlaup. Heimildir Fréttablaðsins herma að ekki sé síður áhugi á framboðum nýliðanna, þeirra Sigþrúðar og Arnars Þórs. Fái flokkurinn sama þingmannafjölda í kjördæminu í komandi kosningum, er alls ekki gefið að þau Bryndís, Jón og Óli Björn haldi öll velli.

Prófkjörið stendur yfir í dag, föstudag og laugardag og er kosið að Garðatorgi 7, Garðabæ, Norðurbakka 1a, Hafnarfirði, Þverholti 2, Mosfellsbæ og Austurströnd 3 á Seltjarnarnesi. Í Kópavogi er kosið að Hlíðasmára 19, í dag og á morgun, en í Lindaskóla á laugardag. ■

Fjölgun lífeyrisþega kemur alls ekki á óvart

thorgrimur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Ellilífeyrisþegum á Íslandi fjölgaði um fjögur prósent árið 2019 samkvæmt nýbirtum tölum frá Hagstofu. Var aukningin þar mest áberandi hjá ellilífeyrisþegum sem bæði eru skráðir hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum, sem fjölgaði úr 33.717 upp í 35.122 milli ára. Gylfa Magnússyni hagfræðingi kemur þessi þróun ekki á óvart.

„Þjóðin er að lifa lengur og stórir árgangar eru núna að sigla inn á eftirlaunaaldur," segir Gylfi. „Þetta er afleiðing hækkandi meðalaldurs og mun halda áfram næstu áratugina."

Gylfi bendir á að um þessar mundir séu æ fleiri árgangar hinnar fjölmennu uppgangskynslóðar eftirstríðsáranna að ná eftirlaunaaldri. „Einhverjir hafa náttúrlega helst úr lestinni á 70 árum en lífslíkur hafa batnað þannig að enn er stórt hlutfall af þessum árgöngum á lífi og blessunarlega sprækir."

> **Þjóðin er að lifa lengur og stórir árgangar eru núna að sigla inn í eftirlaunaaldur.**


Gylfi Magnússon, prófessor í hagfræði.

Gylfi bætir við að fjöldi þeirra sem fari á eftirlaun kunni að aukast þegar ástandið á vinnumarkaði er slæmt. Hækkandi hlutfall fólks á eftirlaunum muni hafa sín áhrif á hagkerfið, meðal annars á lífeyriskerfið og tryggingastofnanir. „Það mun ábyggilega vera talsverð áskorun á næstu árum að takast á við lækkandi hlutfall fólks á vinnumarkaði. Þá verða færri að framleiða þjónustu fyrir fleiri."

Þó segir Gylfi ekki þörf fyrir neinar sérstakar breytingar á lífeyriskerfinu. Helsta áskorun þess verði að finna fjárfestingar til að koma til móts við vöxt þess á næstu árum. „Það gæti orðið snúið að finna ákjósanlega fjárfestingarkosti hér innanlands. En það hefur lengi verið viðbúið." ■

> **4%**
> **Ellilífeyrisþegum fjölgaði um fjögur prósent árið 2019 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni.**



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM

H U G O B O S S VÖRUM DAGANA 10. - 16. JÚNÍ

Finndu þinn Hugo Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

*Meðan birgðir endast

HAGKAUP

Snyrtivara



Birnirnir voru læstir í búrum og afurðir notaðar til lyfjaframleiðslu.

Komu hundrað björnum í skjól

kristinnpall@frettabladid.is

KÍNA Dýraverndunarsamtökunum Animal Asia hefur tekist að koma 101 bjarndýri í öruggt skjól. Birnirnir voru fluttir úr ræktunarstöð í Nanning í Kína í miðstöð samtakanna í Chengdu, um 1.200 kílómetrum frá Nanning.

Samtökin hafa unnið að því að fá bjarndýrin, sem voru af tegund svartbjarna, til sín undanfarin átta ár. Í Nanning voru birnirnir læstir inni í búri og afurðir þeirra nýttar til framleiðslu á lyfjum sem notuð eru við kínverskar lækningar. Í Chengdu fá þeir að lifa í náttúrulegra umhverfi.

Samtökin hafa starfað í 23 ár og bjargað sex hundruð bjarndýrum. ■

Ráðist á hinsegin fólk í Barselóna

arnartomas@frettabladid.is

SPÁNN Áhyggjur af fordómum gagnvart hinsegin fólki í Barselóna hafa aukist eftir hrinu af hrottafengnum árásum í borginni.

Undir lok síðasta mánaðar var ráðist á tvö hinsegin pör með þeim afleiðingum að einn maður þurfti að gangast undir aðgerð á andliti. Tvær aðrar ótengdar árásir gegn hinsegin fólki áttu sér stað sama dag.

„Við lifum á tímum þar sem öfgahægriöfl ala á hatri sem mörg ungmenni taka til sín með hræðilegum afleiðingum," sagði Eugeni Rodríguez, formaður eftirlits gegn gegn hómófóbíu í Barselóna, um málið. ■



Efnin voru falin í bananasendingum.


Gerðu 740 kíló af kókaíni upptæk

kristinnpall@frettabladid.is

FÍKNIEFNI Lögreglan á Möltu gerði upptæk 740 kíló af hreinu kókaíni sem fannst í bát sem var á leiðinni frá Ekvador til Slóveníu á dögunum. Áætlað verðmæti fíkniefnanna er á bilinu níutíu til hundrað milljónir evra eða um þrettán til fimmtán milljarðar íslenskra króna. Fíkniefnin voru falin innan um 1.080 kassa af banönum í 37 kössum sem voru um eitt kíló hver.

Þetta er stærsti fíkniefnafundur sögunnar á Möltu en fyrir hálfu ári fundu yfirvöld í Freeport-höfninni á Möltu rúm 600 kíló af kókaíni í gámum frá Ekvador og Kólumbíu. ■

Prjónað í Jóhannesarborg



Kona prjónar innan um hundruð teppa í Jóhannesarborg. 67 teppi er verkefni þar sem þúsundir teppa eru prjónuð ár hvert til að gefa bágstöddum fyrir kalda vetrarmánuði Suður-Afríku. Í ár snerist þemað um suður-afríska landsliðið í rúgbí, og var teppunum raðað til að mynda merki liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fræða þarf bæði heilbrigðisstarfsfólk og almenning um langvinna verki

Langvinnir verkir eru ein helsta orsök örorku á Íslandi og samkvæmt nýrri skýrslu heilbrigðisráðuneytisins þarf að auka fræðslu og aðgengi að snemmtækri meðferð. Notkun ópíóíða hefur tuttugu og fimmfaldast á þremur áratugum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Auka þarf þekkingu heilbrigðisstarfsfólks og almennings á langvinnum verkjum, samkvæmt nýrri skýrslu heilbrigðisráðuneytisins. Langvinnir verkir hafa nú verið skilgreindir sem sjúkdómur frekar en einkenni, og er sjúkdómurinn valdur að stórum hluta örorku í landinu.

Magnús Ólason, endurhæfingarlæknir og formaður starfshópsins sem samdi skýrsluna, segir þverfaglega verkjameðferð vera bestu leiðina til að takast á við sjúkdóminn. Hún er til dæmis veitt á Reykjalundi. „Þangað fara aðeins þau sem eru með erfiðustu vandamálin. Fólk sem hefur verið verkjað lengi," segir Magnús.

Langvinnir verkir eru þeir sem hafa staðið yfir í að minnsta kosti þrjá mánuði, stöðugir eða í skorpum, og trufla daglegt líf. Eru þeir gjarnan tengdir stoðkerfisvandamálum og algengastir eru verkir í baki. Talið er að 56 þúsund Íslendingar, hið minnsta, glími við langvinna verki og um þriðjungur þeirra séu óvinnufær.

Að mati Magnúsar eru snemmtæk úrræði mikilvæg til að kljást við sjúkdóminn og ná fyrrnefndum tölum niður. „Þeim mun fyrr sem gripið er inn í, þeim mun líklegra er að meðferðin beri árangur og taki skemmri tíma," segir hann.

Dæmi um þverfaglega verkjameðferð er sú sem stunduð er á endurhæfingarstöðinni Hæfi. Þar ræða læknir, sjúkraþjálfari og sálfræðingur við sjúkling og bera saman bækur sínar um hvaða meðferð sé best að nota. Yfirleitt þarf sjúklingur bæði líkamlega og sálræna nálgun sem og fræðslu af ýmsu tagi. „Þegar verkir hafa staðið lengi yfir er yfirleitt um einhvern sálarháska að ræða," segir Magnús.

Í skýrslunni er meðal annars lagt til að eitt af þeim þverfaglegu endurhæfingarteymum sem ráðherra hefur boðað í heilsugæsluumdæmunum muni einvörðungu fást við langvinna verki. Einnig að það þjónusti landsbyggðina með ráðgjöf.

Aðspurður um forvarnir segir Magnús þær bestu vera fræðslu. Almenningur þurfi að vera meðvitaður um verki og að besta leiðin til þess að fást við þá sé ekki að bryðja pillur. Einnig þurfi að efla fræðslu heilbrigðisstarfsfólks. Langvinna verki verði að hugsa í stóru samhengi og ekki aðeins líta á þann líkamspart sem verkurinn kemur fram í.

Notkun sterkra verkjalyfja, ópíóíða á borð við morfín, hefur stóraukist á undanförnum áratugum. Bent er á að notkunin hafi aukist um 20 prósent árin 2007 til 2018 og síðan 1990 hefur notkunin tuttugu og fimmfaldast. Magnús segir ópíóíða frábær verkjalyf en ekki eigi að nota þá gegn langvinnum stoðkerfisverkjum. „Það er afar sjaldan hægt að þræða þann þrönga stíg að fólk taki lága skammta sem dugi," segir hann. „Verkjasjúklingar verða ekki endilega fíknir í ópíóíða heldur líkamlega háðir þeim og veikjast ef þeir fá ekki lyfin." ■



Notkun sterkra verkjalyfja eins og ópíóða hefur tuttugu og fimmfaldast á þremur áratugum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Þegar verkir hafa staðið lengi yfir er yfirleitt um einhvern sálarháska að ræða.



Magnús Ólason, endurhæfingarlæknir.



SIGÞRÚÐUR ÁRMANN

3. SÆTI

í Kraganum

,,Það er atvinnulífsins að leiða vöxt á vinnumarkaði og skapa ný störf.''

,,Ég vil styðja við atvinnulífið með lágum sköttum, minnka umsvif í rekstri hins opinbera og útvista verkefnum.''

,,Ég vil valfrelsi og nýsköpun í heilbrigðis- og menntamálum.''

,,Ég vil heildstæða stefnu í málefnum eldri borgara með frelsi þeirra til eigin ákvarðana að leiðarljósi.''

RÖDD ATVINNULÍFSINS Á ALÞINGI

Öflugt atvinnulíf leggur grunninn að góðu velferðarkerfi, framþróun og hagsæld.

Það er því hagur okkar allra að efla atvinnulífið.

Ég óska eftir þínum stuðningi í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

WWW.SIGTHRUDUR.IS

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI 10.-12. JÚNÍ

Ekki ástæða til að óttast skerðingar á raforku

Staða miðlunarlóna Landsvirkjunar er mjög í lægri kantinum miðað við árstíma. Kalt og þurrt veður í maí gerði að verkum að bráðnun íss og snjós er síðar á ferðinni en vanalega. Ekki er ástæða til að grípa til aðgerða að sinni, segir framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun.

thg@frettabladid.is



Rennsli í miðlunarlón Landsvirkjunar hefur verið minna á þessu ári en í meðalári. Ein ástæða þess er óvenjukalt og þurrt tíðarfar í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þrátt fyrir að vatnsstaða miðlunarlóna Landsvirkjunar sé töluvert lægri en gert hafði verið ráð fyrir, er ekki ástæða til þess að hafa áhyggjur af skerðingum á framboði raforku þegar líða tekur á haustið. Þetta er mat Tinnu Traustadóttur, framkvæmdastjóra sölu- og þjónustusviðs Landsvirkjunar. „Þarna erum við háð duttlungum náttúrunnar. Auðvitað fylgjumst við með stöðunni en það eru engin hættumerki sem kalla á að við séum að grípa til ráðstafana, svo sem að spara vatn í lónum eða seinka viðhaldi," segir hún.

Tíðarfar í maí var einkar kalt og þurrt, en hvort tveggja verkar til hægari bráðnunar íss og snjós á hálendinu til fyllingar á uppstöðulónum vatnsaflsvirkjana Landsvirkjunar. Í Reykjavík mældist úrkoma nálægt sögulegu lágmarki og hiti í maí var 16 prósent undir langtímameðaltölum. Hitastig á Akureyri var næstum því 25 prósentum undir langtímameðaltali maímánaðar. Samkvæmt yfirliti Veðurstofu Íslands var úrkoma á landinu um 25 til 40 prósent undir langtímameðaltali.

Dapurt innrennsli í vetur

„Almennt er staða miðlunarforða undir meðallagi eftir kaldan og þurran vetur. Innrennsli í miðlunarlón Landsvirkjunar hefur verið mjög slakt í vetur. Á Þjórsársvæði og á Austurlandi hefur veturinn verið kaldur og mjög þurr og innrennsli með minnsta móti, en staðan við Blöndu hefur verið hvað skást.

Niðurdráttur miðlunarlóna hófst upp úr miðjum október og var nokkuð eindreginn allan veturinn. Í lok mars og í apríl voru nokkrar leysingar á vatnasviði Blöndu, en minna sunnan heiða. Frá byrjun maí hefur verið þurrt og kalt um allt land. Niðurdráttur í miðlunarlónum hefur verið talsverður og stöðugur. Með batnandi tíð má gera ráð fyrir einhverjum leysingum, sérstaklega fyrir austan," segir Tinna.

> Veðurfar næstu vikur mun stýra því hvenær jöklar fara að gefa, en í venjulegu árferði nær rennsli frá þeim ekki hámarki fyrr en í ágúst.
>
> Tinna Traustadóttir, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Landsvirkjunar.

Að sögn Tinnu er megindrifkraftur vorflóðanna sá snjór sem safnast upp á hálendinu á veturna. Síðsumars hefur hiti svo jafnan hækkað nægilega mikið til að koma árvissri bráðnun jökla af stað: „Þá má búast við að hlaupi kraftur í fyllinguna en jökulbráð síðsumars er drýgsta innleggið fyrir miðlunarforða næsta vetrar. Veðurfar næstu vikur mun stýra því hvenær jöklar fara að gefa, en í venjulegu árferði nær rennsli frá þeim ekki hámarki fyrr en í ágúst," útskýrir hún.

Eftirspurn að aukast

Á sama tíma og tíðarfarið orsakar hægt innrennsli miðlunarlóna Landsvirkjunar, hefur eftirspurn viðskiptavina fyrirtækisins hjarnað mjög við á síðustu mánuðum eftir árið 2020, sem var einkum framan af hörmulegt fyrir raforku- og hrávöruframleiðendur. Skemmst er þess að minnast að Landsvirkjun veitti hluta stærstu viðskiptavina sinna afslætti á raforkuverði á meðan heimsmarkaðsverð á áli var einna lægst. Álverð hefur nú hækkað um hartnær 80 prósent frá því að það náði lágmarki sínu í apríl á síðasta ári.

Að sögn Tinnu eru viðskiptavinir fyrirtækisins almennt að fullnýta raforkusamninga sína og í sumum tilfellum gott betur. „Sala til gagnavera hefur verið minnkaði og lækkaði hratt á síðasta ári en er að koma sterkt til baka núna og hefur aldrei verið meiri en á fyrstu fimm mánuðum þessa árs,"

Við sjáum svo líka að kísilver PCC á Bakka hefur endurræst annan tveggja ofna og vinnur nú að undirbúningi ræsingar hins ofnsins. Okkar upplýsingar eru þær að Bakki verði kominn í full afköst á þessu ári. Seinni hluta þessa árs erum við að nálgast fullselt kerfi, " segir Tinna Traustadóttir. ■

Íslandsbanki ábyrgist mögulegt tap Borgunar

thorsteinn@frettabladid.is

Íslandsbanki er í ábyrgð fyrir tapi sem Borgun gæti mögulega orðið fyrir vegna dómsmáls sem Landsbankinn höfðaði gegn færsluhirðingarfyrirtækinu og tilteknum kröfum viðskiptavina þess. Þetta kemur fram í lýsingu útboðs Íslandsbanka.

Alþjóðlega greiðslumiðlunarfyrirtækið Salt Pay keypti Borgun fyrir 27 milljónir evra vorið 2020 en Íslandsbanki átti 63,5 prósenta hlut í færsluhirðingarfélaginu. Í lýsingu fyrir útboð Íslandsbanka kemur fram að bankinn hafi gengið í ábyrgð fyrir kostnað sem gæti fallið á Borgun vegna tiltekinna dómsmála, þar á meðal þess sem varðar Landsbankann. Ábyrgð Íslandsbanka takmarkast þó við 63,5 prósent af mögulegu tapi Borgunar og getur aldrei orðið meiri en hlutdeild bankans í sölunni á Borgun, um 17,2 milljónir evra.

Landsbankinn seldi 31,2 prósenta hlut í Borgun í lokuðu söluferli í lok árs 2014 til hóps fjárfesta. Hluturinn var keyptur á tæplega 2,2 milljarða króna en skömmu síðar kom í ljós



Útboð Íslandsbanka stendur yfir.

að Borgun átti eignarhlut í Visa Europe sem sameinaðist síðan Visa Inc. Samkvæmt niðurstöðu dómkvaddra matsmanna hefði Borgun átt að upplýsa um tilvist valréttar um kaup og sölu á eignarhlut félagsins í Visa Europe Limited til Visa Inc. Upphæðin sem Landsbankinn fór á mis við nemur ríflega 1,9 milljörðum króna.

Þá hefur félag sem heldur utan um rekstur matvöruverslunarkeðjunnar Lidl í Ungverjalandi, hótað Borgun vegna meintrar ólögmætrar uppsagnar færsluhirðasamnings. Samkvæmt ársreikningi Borgunar nemur krafa matvörukeðjunnar um 202 milljónum króna. ■

Vilja umræðu um ávöxtunarviðmið

thorsteinn@frettabladid.is

Þrátt fyrir góða ávöxtun lífeyrissjóða í fortíðinni er mikilvægt að stuðla að umræðu um hvert ávöxtunarviðmið sjóðanna eigi að vera í framtíðinni. Þetta segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Í nýlegri ársskýrslu samtakanna er bent á að vaxtastig í helstu viðskiptalöndum Íslands hafi farið lækkandi undanfarin ár og fátt bendi til þess að breytingar verði á því á næstu árum.

„Skoða þarf í fullri alvöru möguleikann á því að tengja viðmiðunarávöxtun sjóðanna betur við vaxtaumhverfið á Íslandi og á erlendum mörkuðum þannig að sjóðirnir séu betur í stakk búnir til að bregðast við breytingum á markaðsumhverfi. Einnig þarf að skoða hvort festa eigi ávöxtunarviðmið til skemmri tíma í senn og endurskoða á nokkurra ára fresti," segir í skýrslunni.

Ef langtímaávöxtun verður lægri en ávöxtunarviðmiðið, sem er 3,5 prósent, þarf að skerða réttindin, en auka þau ef ávöxtun verður hærri. Þannig geta mismunandi kynslóðir borið meira eða minna úr býtum eftir því hvort framtíðarávöxtun verður hærri eða lægri en viðmiðið.

> Ef skoðaðar eru tölur yfir 5 og 10 ára ávöxtun lífeyrissjóða þá hafa þeir að meðaltali náð yfir 5 prósenta raunávöxtun á ári.

Lífeyrissjóðir hafa framan af verið heldur varfærnir í afstöðu sinni til breytinga á ávöxtunarviðmiðinu. Á síðasta ári náðu lífeyrissjóðirnir yfir 9 prósenta raunávöxtun og ef skoðaðar eru tölur yfir 5 og 10 ára ávöxtun sjóðanna þá hafa þeir að meðaltali náð yfir 5 prósenta raunávöxtun á ári.



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Spurð hvort orðalagið í ársskýrslunni sé merki um að afstaða lífeyrissjóða til ávöxtunarviðmiðsins sé að breytast, segir Þórey að málið snúist fremur um að vera vakandi fyrir þáttum sem hafa áhrif á lífeyrisskuldbindingar í framtíðinni.

„Það eru skiptar skoðanir á því hvort breytinga sé þörf og þess vegna er mikilvægt að taka umræðuna af alvöru, rýna í málefnið, greina það og meta hvort viðmiðið sé rétt stillt. Ávöxtunarviðmiðið hefur reynst vel – ávöxtun sjóðanna í fyrra var mjög há – en það þarf að endurspegla ávöxtun til lengri tíma litið" segir Þórey.

Landssamtök lífeyrissjóða í samstarfi við KPMG og SFF héldu morgunverðarfund í síðustu viku þar sem rætt var um lágvaxtaumhverfið í víðu samhengi og þar með þýðingu þess fyrir lífeyriskerfið á Íslandi. ■


100% rafræn viðskipti | Fjármögnun á staðnum | Ástandsskoðun

SUMAR TILBOÐ

ALLT AÐ 600.000 kr. AFSLÁTTUR!

Heilsaðu ferðasumrinu á nýjum notuðum bíl
www.bilaland.is

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**



SUZUKI Ignis GLX All Grip
Nýskr. 05/17, ekinn 53 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.990.000 kr.

TILBOÐ! 1.590.000 kr.

***19.228 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**



RENAULT Captur Zen
Nýskr. 05/18, ekinn 72 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.890.000 kr.

TILBOÐ! 1.390.000 kr.

***16.855 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **300.000 KR.**



HYUNDAI iX35 Comfort
Nýskr. 10/13, ekinn 123 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.690.000 kr.

TILBOÐ! 1.390.000 kr.

***16.855 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **300.000 KR.**



MAZDA 2 Core
Nýskr. 03/17, ekinn 68 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.590.000 kr.

TILBOÐ! 1.290.000 kr.

***15.669 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **600.000 KR.**




LEXUS NX300h
Nýskr. 07/17, ekinn 93 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 5.590.000 kr.

TILBOÐ! 4.990.000 kr.

***59.565 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**



DACIA Duster Comfort 4wd
Nýskr. 03/18, ekinn 87 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.690.000 kr.

TILBOÐ! 2.290.000 kr.

***27.533 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**



KIA Picanto
Nýskr. 04/18, ekinn 87 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.390.000 kr.

TILBOÐ! 990.000 kr.

***12.110 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**



RENAULT Clio Sport Tourer
Nýskr. 03/16, ekinn 87 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 1.690.000 kr.

TILBOÐ! 1.290.000 kr.

***15.669 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**



HYUNDAI Ioniq Style PHEV
Nýskr. 01/19, ekinn 31 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr.

TILBOÐ! 3.390.000 kr.

***40.583 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**




TOYOTA Yaris Live
Nýskr. 08/19, ekinn 49 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.190.000 kr.

TILBOÐ! 1.690.000 kr.

***20.414 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**




NISSAN Micra Tekna BOSE
Nýskr. 11/18, ekinn 31 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.490.000 kr.

TILBOÐ! 1.990.000 kr.

***23.973 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **600.000 KR.**




BMW i3 94ah
Nýskr. 03/18, ekinn 13 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

TILBOÐ! 3.390.000 kr.

***40.390 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **600.000 KR.**



HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 03/19, ekinn 72 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.590.000 kr.

TILBOÐ! 1.990.000 kr.

***23.973 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**




NISSAN Leaf Tekna 40kwh
Nýskr. 04/19, ekinn 31 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

TILBOÐ! 3.590.000 kr.

***42.956 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**



RENAULT Clio Zen
Nýskr. 06/18, ekinn 15 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.490.000 kr.

TILBOÐ! 1.990.000 kr.

***23.973 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

Við erum í spjallfæri á **www.bilaland.is**



Traust og **áreiðanleiki** skiptir máli.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

www.facebook.com/bilaland.is

Lykill

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

ENNEMM / SÍA / NM006315



Horft í átt að Stóra-Hrúti með rjúkandi eldstöðvarnar í forgrunni. MYND/TG

Hrútur sem kærir sig kollóttan



Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi



Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og ljósmyndari

Áður en eldgos hófst í Geldingadölum við Fagradalsfjall þann 19. mars 2021 var Stóri-Hrútur flestum lítt kunnur. Samt var hann hæsta fjallið (352 m) á sunnanverðum Reykjanesskaga og rómað útsýnisfjall. Fyrstu vikur gossins sást best yfir gosstöðvarnar að vestanverðu frá Fagradalsfjalli en þegar gígarnir tóku að opnast í austur var gengið þeim megin upp á hrygg sem gárungarnir voru fljótir að nefna Gónhól. Nýlega lokaðist sú gönguleið vegna hraunstreymis og við það fékk Stóri-Hrútur langþráða athygli. Sú athygli var verðskulduð, enda fjallið ekki aðeins það hæsta á svæðinu heldur jafnframt það tilkomumesta. Samt vantar Stóra-Hrút hornin en slíkt sauðfé kallast kollótt, sem er vel þekkt, en ekki staðalmynd hrútsins. Af ávölum Hrútnum sést vel í gíginn með glóandi hraunelfur í forgrunni sem rennur ofan í Merardali og Nátthaga. Gönguleiðin á Stóra-Hrút er ekki jafn greið en síst tilkomuminni en þær sem liggja í gegnum Nátthagakrika á Gónhól og Fagradalsfjall.

Aðallega eru tvær leiðir í boði, eftir Merardölum eða norður Nátthaga. Sú síðarnefnda er meira fyrir augað en breytist stöðugt vegna framrásar hraunins. Bílum er lagt skammt frá Ísólfsskála og síðan gengið eftir sléttum Nátthaga að hrauntungum sem stefna óðfluga að Suðurstrandarvegi. Til að forðast gasmengun er best að halda sig í fjallshlíðum og ekki leggja í gönguna séu vindáttir norðlægar. Í Nátthaga má virða fyrir sér hraunið í návígi og sjá hvernig það rennur niður hlíðarnar við Bratthála. Lagt er á brattann austan megin hrauntungunnar. Ofar minnkar hallinn og er hlíðum fylgt áfram að skarði við suðurenda Stóra-Hrúts. Þangað liggur einnig gönguleiðin austan úr Merardölum. Hún er greiðfærari en sú í Nátthaga og hentar því ágætlega fyrir fjallahjól. Úr skarðinu liggur greinilegur stígur upp á hátind Stóra-Hrúts. Þar blasir gígurinn við og hraunbreiðurnar í kring en einnig Reykjavík, Keilir, Trölladyngja og suðurströndin með Eldey. Á leiðinni heim er tilvalið að þræða ávalan Langahrygg milli Nátthaga og Merardala og virða fyrir sér hraunið í Nátthaga úr fjarlægð. Ganga á Stóra-Hrút er enn óstikuð og tekur hálfan dag báðar leiðir. Við mælum þó með góðri pásu á höfði þessa vinalega Hrúts, sem þrátt fyrir lætin virðist kæra sig kollóttan og lumar á útsýni sem ekki verður metið til fjár. ■



Á tindi Stóra-Hrúts er óhefðbundið að slá upp tjaldi en útsýnið er óviðjafnanlegt. MYND/TG



Hlíðar Stóra-Hrúts eru brattar og gaman að horfa úr þeim ofan á glóandi hraunelfur. MYND/UNA SIGHVATSDÓTTIR


MIÐNÆTURSPRENGJA
25% afsláttur
af öllum vörum
OPIÐ 10:00-00:00
AFSLÁTTARKÓÐI "25" GILDIR Í VEFVERSLUN
Ís frá Emmessís fyrir börnin. Pylsur frá Bæjarins Beztu frá 18:00-19:00. Heiðar Austmann sér um tónlist 21:00-23:00
CINTAMANI
AUSTURHRAUN 3, 210 GARÐABÆR

Prófkjörið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Allir stjórnmálaflokkar hljóta að þrá sömu athygli og Sjálfstæðisflokkurinn fékk á dögunum vegna prófkjörs í borginni. Fjölmiðlar fylgdust spenntir með nýjustu tölum og þeim var slegið upp flennistórum á netsíðum þeirra. Áhuginn var svo brennandi að engu var líkara en það varðaði þjóðarhag hvort Guðlaugur Þór Þórðarson eða Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir hreppti fyrsta sætið. Sjálfstæðisflokknum tókst að fá fjölda Íslendinga, þar á meðal marga sem aldrei hafa kosið flokkinn, til að lifa sig inn í prófkjörsslaginn. Á sama tíma hélt Miðflokkurinn landsþing og Samfylkingin efndi til flokksstjórnarfundar, en svo að segja enginn tók eftir þessum fundum.

Allnokkur endurnýjun varð í þessu prófkjöri Sjálfstæðisflokksins enda mokuðu öflugir frambjóðendur stuðningsmönnum sínum inn í flokkinn. Ekki er hægt að finna að slíku. Keppnisskap er yfirleitt af hinu góða og flokksmenn eiga ekki að sjá ástæðu til að væla þótt fjölgi í flokknum þeirra.

Prófkjör eru óútreiknanleg, eins og dæmin sanna. Sigríður Á. Andersen, hinn umdeildi en kjarkaði þingmaður Sjálfstæðisflokksins, beið afhroð í prófkjörinu og kveður nú stjórnmálin. Landsdómsmálið reyndist henni dýrt, en þar tók hún ákvarðanir sem kjósendur vildu greinilega ekki fyrirgefa.

Hinn litríki og oftast bráðskemmtilegi Brynjar Níelsson, hefur lýst því yfir að hann sé hættur í stjórnmálum vegna þess að hann náði ekki þeim árangri í prófkjörinu sem hann hafði búist við. Vonandi snýst honum hugur. Það þarf menn eins og hann á Alþingi Íslendinga til að ögra og hrista upp í þeirri forsjárhyggjuhugsun sem svo víða er ríkjandi.

Stóri kosturinn við þessa tvo þingmenn, Sigríði Á. Andersen og Brynjar Níelsson, er að þeir eru algjörlega lausir við hjarðeðli. Hér höfum við einstaklinga sem eru óhræddir við að ganga gegn almenningsálitinu, jafn óþægilegt og það getur verið fyrir stjórnmálamenn, og segja skoðun sína hispurslaust. Þetta er afar hressandi í umhverfi þar sem stjórnmálamenn eru flestir á stöðugum atkvæða- og vinsældaveiðum. Afstaða þeirra til mála mótast því iðulega af því hvað þeim þykir henta þá stundina, fremur en að sannfæringin fái að ráða.

Brynjar Níelsson og Sigríður Á. Andersen eru ekki stjórnmálamenn af þessari gerð. Þau eru harðgerð og sjálfstæð og hafa um leið einstakt lag á að koma umhverfi sínu í uppnám. Hinn þrúgandi, pólitíski rétttrúnaður sem hefur hertekið samtíma okkar hefur aldrei náð valdi á þessum þingmönnum. Ekki síst þess vegna eru þeir mikilvægir.

Í samfélagi okkar er brýn þörf fyrir stjórnmálamenn sem tala máli einstaklingsfrelsis. Fleiri þingmenn, en þeir tveir sem hér eru nefndir, hafa vissulega gerst málsvarar þess. Svo að segja allir eru þeir á hægri væng stjórnmála. Vinstri mönnum virðist einfaldlega hvorki þykja fínt né brýnt að tala fyrir auknu frelsi einstaklingsins í þjóðfélagi þar sem alls kyns bönn og takmarkanir færast stöðugt í aukana.

Vinstri menn ættu að snúa af þessari vondu braut og temja sér meira frjálslyndi og víðsýni. Það myndi um leið gera þá að mun skemmtilegri og vænlegri kosti fyrir kjósendur en nú er. ■

> Stóri kosturinn við þessa tvo þingmenn, Sigríði Á. Andersen og Brynjar Níelsson, er að þeir eru algjörlega lausir við hjarðeðli.



Halldór



Frá degi til dags

Bangsadeildin
Borgarfulltrúanum Vigdísi Hauksdóttur virðist hafa tekist ætlunarverkið. Skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra hefur gefist upp og leitað í annað starf innan borgarinnar. Samskipti á borð við þau sem embættismaðurinn hefur mátt þola eru fáheyrð, alla vega meðal fullorðinna. „Ég óskaði eftir því að hún sitji ekki sömu fundi og ég, eðlilega, ég er kosin af Reykjavíkingum og hún er ráðin embættismaður. Mér er nákvæmlega sama hvað þessi ágæta kona tekur sér fyrir hendur í framtíðinni," sagði Vigdís í samtali við Fréttablaðið í gær. Það er augljóslega ekkert grín að lenda upp á kant við borgarfulltrúann.

Í feitina
Ummælum Arnars Þórs Jónssonar, héraðsdómara og frambjóðanda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, um orkumikla drengi hefur verið misjafnlega tekið. „Við þekkjum öll stráka sem eru orkumiklir. Í nútímanum væru þeir sennilega lyfjaðir niður, settir á ritalín," sagði dómarinn á Bylgjunni. Formaður ADHD-samtakanna var einn þeirra sem ekki var sáttur. „Mun betur færi ef dómari sá, er svo mjög hefur viljað tjá sig um samfélagsmál á opinberum vettvangi og langar nú á þing, kynni sér málin áður en hann leggur lóð sitt á vogarskál." Bæng! ■

Vöktun náttúru hafin á áttatíu svæðum



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra.

Náttúra Íslands er verðmæt í mörgu tilliti, ekki síst vegna eigingilda náttúrunnar sjálfrar. En hún er líka fjöreggið okkar þegar kemur að megin atvinnuvegunum, þar með talið ferðamennsku. Hún er ein helsta ástæða þess að ferðamenn kjósa að leggja leið sína hingað til lands. Þannig ber okkur ekki bara skylda til þess að standa vörð um náttúruna hennar sjálfrar vegna, heldur líka vegna þess að hún er auðlind sem við verðum að tryggja að sé nýtt með sjálfbærum hætti. Við verðum að gæta þess að ganga ekki á gæðin.

Í síðustu viku hófst formlega skipulögð vöktun á tugum náttúruverndarsvæða vítt og breitt um landið. Þar verða könnuð áhrif ferðamanna á vistgerðir og plöntur, fugla, spendýr og jarðminjar. Sérfræðingar náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar Íslands og friðlýstra svæða munu koma að vinnunni á um 80 svæðum á landinu, en undirbúningur og prófanir hafa staðið yfir í tvö ár. Um 100 milljónir króna renna til verkefnisins árlega.

Nú eru ferðamenn aftur farnir að leggja leið sína til Íslands og það er óhætt að segja að innviðirnir sem taka á móti þeim á mörgum friðlýstum svæðum og fjölsóttum ferðamannastöðum séu allt aðrir en þeir voru fyrir fáum árum síðan. Síðan árið 2018 hefur grettistaki verið lyft, meðal annars með fjármagni úr landsáætlun um uppbyggingu innviða og á sama tíma hefur landvarsla verið aukin til muna. Friðlýstum svæðum hefur einnig fjölgað mikið. Þessar umbætur eru gerðar til þess að tryggja vernd náttúrunnar og á sama tíma getur upplifun ferðamanna af íslenskri náttúru orðið jákvæðari. Með sjálfbærri ferðamennsku getum við áfram skoðað náttúruna, mært hana og notið um ókomna tíð.

Það er áskorun að láta náttúruvernd og ferðamennsku haldast í hendur, en það á vel að vera hægt. Með vöktun á áhrifum ferðamanna fáum við upplýsingar um ástand og þróun mála og erum betur í stakk búin að bregðast við ef þarf. Þannig pössum við betur upp á fjöreggið okkar. ■

> Við verðum að gæta þess að ganga ekki á gæðin.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Misráðin stefnubreyting

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Íslenskt atvinnulíf þarf að hlaupa hraðar og skapa miklu meiri verðmæti. Þetta var kjarninn í máli þeirra sem ræddu efnahagsvandann og skuldir ríkissjóðs á eldhússdeginum fyrr í vikunni.

Ríkisstjórnin segir að við séum vel í stakk búin. Hún styður það með tvennu: Annars vegar góðum hagvexti árin fyrir kreppuna. Hins vegar lágu skuldahlutfalli ríkissjóðs.

Þetta er rétt svo langt sem það nær. Vandinn er að þetta er ekki heildarmyndin, sem er forsendan fyrir raunsæju mati á stöðunni og lykillinn að réttum ákvörðunum þegar velja þarf leiðir að markinu.

Sannleikurinn um vextina

Sannleikurinn er sá að vextir af lánum ríkissjóðs skipta meira máli en heildarskuldin við mat á því hvort hún er sjálfbær. Nafnvextir þurfa að vera lægri en hagvöxturinn til þess að skuldirnar leiði ekki til skerðingar á velferðarkerfinu eða hækkunar skatta.

Fyrr á þessu ári birtu Samtök atvinnulífsins álit sitt á þessu. Þau sögðu einfaldlega að ekkert benti til þess að þetta yrði raunin. Ríkisstjórnin hefur ekki hrakið þetta mat.

Til skýringar má minna á að eftir hrun skuldaði ríkissjóður Íslands hlutfallslega helmingi minna en ríkissjóður Grikklands. Vaxtagreiðslur íslenska ríkisins voru hins vegar tvöfalt meiri en gríska ríkisins.

Tímabundin vaxtalækkun á húsnæðismarkaði breytti ekki þessari mynd. Og nú fara vextir aftur hækkandi og gengisáhætta ríkissjóðs er veruleg.

Sannleikurinn um hagvöxtinn

Allra síðustu ár bjó skyndivöxtur í ferðaþjónustu til dágóðan hagvöxt. Fyrir veirufaraldurinn var þó kominn kengur í þann uppgang.

Þegar við náum fyrra hagvaxtarstigi erum við ekki að hlaupa hraðar, aðeins jafn hratt og áður. Það er ekki nóg.

Raunsærra mat á styrkleika hagkerfisins er samanburður á hagvexti hér og á öðrum Norðurlöndum yfir lengri tíma.

Frá 1990 höfum við vaxið að meðaltali um 2,6% á ári í íslenskum krónum. Hin löndin hafa hins vegar vaxið um 1,8% á sama mælikvarða. Þessar tölur segja hins vegar ekkert um það hver hljóp hraðast í raun og veru.

Það kemur í ljós þegar við gerum samanburðinn í dollurum. Árið 1989 var landsframleiðsla á hvern mann á Íslandi 17% hærri en á öðrum Norðurlöndum að meðaltali. Í dag er hún 3,5% lægri.

Við sjáum ekki heildarmyndina nema hafa þessar tölur með.

Stefnubreyting

Heildarmyndin sýnir að það er ekki nóg að hlaupa hraðar. Við þurfum að hlaupa hraðar en önnur Norðurlönd til þess að vinna upp þann spöl sem þau hafa dregið á okkur.

Við komumst heldur ekki hjá því að tryggja að ríkissjóður Íslands geti notið sambærilegra vaxtakjara og önnur Norðurlönd og þurfi ekki að taka meiri gengisáhættu en þau.

Hvorugt þetta gerist af sjálfu sér. Aðgerðaleysi er því ekki kostur.

Gengisstöðugleiki á sennilega mestan þátt í því að lyfta Dönum úr neðsta sæti Norðurlanda upp í annað. Til þess að tryggja gengisstöðugleika og auka líkurnar á að ná Dönum aftur var stefnubreyting nauðsynleg.

Frekar höft en frelsi

Ríkisstjórnin kynnti þá grundvallar stefnubreytingu í byrjun árs að gefa Seðlabankanum með nýjum lagaheimildum ótakmarkað vald til þess að beita gjaldeyrishöftum til að varðveita stöðugleika krónunnar.



Stefnubreytingin bíður nú samþykkis á Alþingi. Hún mun vafalaust leiða til stöðugra gengis. Enginn talsmaður ríkisstjórnarflokkanna ræddi hana þó á eldhússdeginum. Kannski er það vegna þess að hér fylgir böggull skammrifi.

Haftaheimildin ein og sér mun fæla erlenda fjárfesta frá þátttöku í nýsköpun og þekkingariðnaði, einmitt þegar við þurfum mest á þeim að halda. Beiting heimildanna mun svo þrengja samkeppnishæfni Íslands.

Við hlaupum ekki hraðar með höftum. Og það eru bara tvær leiðir færar.

Hinn kosturinn er að halda viðskiptafrelsinu með því að gera stöðugleikasamkomulag innan EES-samningsins til að verja krónuna líkt og Danir hafa gert.

Ríkisstjórnin vill hins vegar heldur höft en frelsi á þeim grundvelli. Hún hefur því ekki enn sýnt fram á hvernig atvinnulífið á að hlaupa hraðar undir hennar forystu næsta áratug.

Stefnubreyting var nauðsynleg, en valið á leið var misráðið. ■



Bylting á skjalasöfnum



Svanhildur Bogadóttir
borgarskjalavörður.

Í gær héldu skjalasöfn um allan heim upp á Alþjóðlega skjaladaginn. Þetta árið var þema hans „Empowering Archives“ eða Eflum skjalasöfnin, sem á vel við þar sem skjalasöfnin eru ekki áberandi í umræðunni. Stundum vilja skjalasöfn og mikilvægi þeirra gleymast, en fyrir marga er það þannig, að þeir vita ekki af skjalasöfnum fyrr en á þeim þarf að halda. Skjöl eru varðveitt af margvíslegum ástæðum; lagalegum, fjárhagslegum, sögulegum eða vegna þess að skjölin varðveita persónulegar upplýsingar sem varða réttindamál einstaklinga.

Skjalasöfnin varðveita mikið af skjölum sem fjalla um ákvarðanir stjórnvalda og aðdraganda þeirra, allt frá minni til stærri mála. Mörg þessara mála tengjast lífi fólks með einum eða öðrum hætti og varða réttindi þess. Meirihluti skjala um ákvarðanir stjórnvalda eru öllum opin. Margar heimildir á söfnum tengjast tilteknum einstaklingum sérstaklega og getur þá aðgangur að þeim takmarkast við viðkomandi einstakling. Má þar til dæmis nefna einkunnir úr skólum, skattframtöl og skjöl frá barnaverndarnefnd.

Opinber skjalasöfn á Íslandi eru Þjóðskjalasafn Íslands og tuttugu héraðsskjalasöfn en Borgarskjalasafn Reykjavíkur er eitt þeirra. Skjalasöfnin standa nú frammi fyrir gríðarlegum áskorunum við að tryggja að stafrænar upplýsingar varðveitist til framtíðar. Til þess þurfa þau mannafla og aðföng.

Nær öll stjórnsýsla er nú á stafrænu formi og það hefur miklar breytingar í för með sér. Stafræn stjórnsýsla er komin til að vera og skiptir miklu máli fyrir samfélagið í heild sinni. Stafræn skjöl varðveitast hins vegar ekki af sjálfu sér, heldur þarf að undirbúa varðveislu þeirra með mun skipulagðari hætti en pappírsskjöl. Gagnasöfn, hvort sem um er að ræða skjalavistunarkerfi eða hina ýmsu gagnagrunna, þurfa að styðja við stafræna varðveislu til framtíðar. Gríðarlega mikilvægt er að stjórnvöld vinni ítarlega stefnumörkun með opinberum skjalasöfnum um varðveislu stafrænna gagna til að tryggja tilvist þeirra og aðgengi um ókomna framtíð. Langtímavarðveisla stafrænna gagna og hvernig eigi að veita aðgang að þeim er órjúfanlegur hluti af stafrænni vegferð hins opinbera.

Auka þarf vægi skjalasafna í þeim leiðum sem valdar eru til að fullnýta hagnýtingu upplýsingatækninnar. Í stafrænni vegferð er horft til straumlínulagaðri, einfaldari og skilvirkari reksturs en



> Opinber skjalasöfn á Íslandi búa við nýjan veruleika með þróun stafrænnar stjórnsýslu og eru mikilvægur hluti af henni. Gæta þarf þess að þau fylgi þróuninni með nauðsynlegu fjármagni og aðföngum.

sem fyrr, þá mun mikill hluti þeirra gagna sem verða til enda í langtímavarðveislu á opinberum skjalasöfnum. Ef ekkert er að gert, tapast upplýsingar og það hefur örugglega þegar gerst. Upplýsingasvarthol er ekki eitthvað í vísindaskáldsögum eða í framtíðinni heldur blákaldur veruleiki í stafrænum heimi.

Þjóðskjalasafn Íslands leiðir vegferðina á Íslandi og hefur tekið upp dönsku aðferðafræðina svokölluðu við langtímavarðveislu stafrænna gagna. Með stoð í lögum um opinber skjalasöfn hefur Þjóðskjalasafn sett reglur um hvernig ný kerfi skuli tilkynnt áður en þau eru tekin í notkun og um eðli sérstakra vörsluútgáfa sem skal skila opinberum skjalasöfnum. Einnig þarf að tilkynna kerfi sem þegar eru í notkun og taka ákvörðun hvort eigi að varðveita gögnin úr þeim og hvort mögulegt sé að gera það í vörsluútgáfu eða hvort þurfi að prenta þau út. Óheimilt er að eyða opinberum skjölum án skriflegrar heimildar þjóðskjalavarðar og samkvæmt sérstökum reglum safnsins.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er stærsta héraðsskjalasafn Íslands en það tekur við skjölum frá öllu borgarkerfinu og frá öllum fyrirtækjum í meirihlutaeigu borgarinnar. Borgarskjalasafn hefur þegar hafið stafræna vegferð sína með móttöku tilkynninga um rafræn gagnasöfn borgarinnar. Þá hefur safnið gert samning við NEA (neaweb.dk) um að sinna ákveðnum verkþáttum við móttöku rafrænna vörsluútgáfna. Í framtíðinni þarf safnið fleiri starfsmenn og frekari aðföng til þess að geta haldið í við stafrænu umbreytinguna sem er í mikilli sókn hjá Reykjavíkurborg. Það verður að tryggja varðveislu upplýsinga úr kerfum um leið og þau eru tekin í notkun því þegar þau eru orðin úrelt þá getur það verið of seint.

Borgarskjalasafn hefur síðastliðið ár unnið að því að kortleggja bæði eldri kerfi borgarinnar sem og núverandi kerfi. Í ágúst 2020 var formlega byrjað að taka við tilkynningum um kerfi sbr. Reglur Þjóðskjalasafns Íslands (nr. 877/2020) um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila. Nú þegar hefur verið tekið á móti 35 tilkynningum og afgreiddar hafa verið 10 tilkynningar. Von er á fyrstu stafrænu vörsluútgáfunni til varðveislu á Borgarskjalasafni haustið 2021 skv. reglum Þjóðskjalasafns Íslands (nr. 100/2014) um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila.

Opinber skjalasöfn á Íslandi búa við nýjan veruleika með þróun stafrænnar stjórnsýslu og eru mikilvægur hluti af henni. Gæta þarf þess að þau fylgi þróuninni með nauðsynlegu fjármagni og aðföngum. Með því er tryggt að stafræn gögn varðveitist í framtíðinni og séu aðgengileg komandi kynslóðum. ■

Valið og valdið



Sigþrúður Ármann
frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

Við fæðumst með ólíka forgjöf. Bakland fólks er misjafnt en við þurfum öll að fá tækifæri til að nýta hæfileika okkar og krafta. Til þess þurfum við sem samfélag að standa saman og hafa það að sameiginlegu markmiði að byggja upp samfélag sem stuðlar að velferð, lífsgæðum og efnahagslegri sjálfbærni til framtíðar. Við þurfum að skapa hvetjandi umhverfi með ólíkum valkostum þannig að hver og einn finni hjá sér hvata til að láta til sín taka.

Samkeppni er hreyfiafl

Við eigum að geta valið hvar við búum, hvernig við ferðumst á milli staða, hvar við göngum í skóla eða leitum eftir læknisþjónustu, rétt eins og við veljum hverju við klæðumst og hvar við verslum. Val er atriði sem skiptir máli í þessu samhengi. Vali fylgir vald. Með vali færist valdið til einstaklinganna. Það hlýtur því að vera verkefni stjórnmálanna að auka val fólksins. Fólk þarf að eiga góða valkosti þegar kemur að mennta- og heilbrigðismálum. Þegar ekki eru einstaklingar eða verkefni í áskrift, heldur valkostir og möguleikar á að leita annað, þá aukum við metnaðinn, framþróun og um leið gæðin. Samkeppni í hvaða mynd sem hún er hreyfir við kerfinu. Það má ekki vanmeta mikilvægi ólíkra valkosta og frelsið til að velja. Valið gerir okkur líka ánægðari. Það að vita að við höfum val um tvo eða fleiri kosti getur eitt og sér gert okkur ánægðari með það sem við höfum. Þegar við vitum að við getum farið, mótmælt eða kosið með fótunum, er í eðli okkar mannanna að verða sáttari. Að eiga val um breytingar getur verið lífsnauðsynlegt.

Velferðartækni, betri þjónusta og lægri kostnaður

Við þurfum að endurhugsa og endurmeta. Við lifum á tímum þar sem samfélagsbreytingar eru ekki bara djúpstæðar heldur ganga þær yfir á sívaxandi hraða. Í því felst mikil áskorun en jafnframt tækifæri. Tækifærin felast ekki síst í möguleikum velferðartækni en með henni getum við aukið þjónustuna og um leið lækkað kostnað. Þetta skiptir máli. Við eigum ekki endilega að gera það sem við gerum eins og við höfum alltaf gert það, oftast af þeirri einu ástæðu að þannig hefur það alltaf verið gert. Hugsum í nýjum lausnum og spyrjum spurninga. Án þess verður engin þróun.

> Við lifum á tímum þar sem samfélagsbreytingar eru ekki bara djúpstæðar heldur ganga þær yfir á sívaxandi hraða.

Lengi hefur verið rætt um mikilvægi ólíkra valkosta þegar það kemur að menntun unga fólksins. Því er ég sammála. Nú er þjóðin að eldast og fólk nær hærri aldri en áður. Valkostum á ekki að fækka þó að fólk hafi náð ákveðnum aldri. Eldri borgarar verða að eiga val og þar með hafa vald til að taka ákvarðanir sem varða líf þeirra og tilveru. Því má ekki gleyma að þegar upp er staðið bitnar léleg þjónusta á þeim sem síst skyldi, þeim sem þurfa að nýta sér þjónustuna og hafa ekki val um annað. ■



„Ég kem með gítarinn“



Brandenburg | SÍA

Komdu með í ferðalag!

Á **ferdalag.is** getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND KOMDU MEÐ



Miðherjinn frábæri Nikola Jokic.

Jokic hélt titlinum innan Evrópu

kristinnpall@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Serbneski miðherjinn Nikola Jokic var valinn verðmætasti leikmaður (e. Most valuable player) NBA-deildarinnar í körfubolta aðfaranótt miðvikudags. Er þetta þriðja árið í röð sem verðlaunin sem eru veitt besta leikmanni hvers tímabils fara til leikmanns frá Evrópu, en hann er fyrsti leikmaður Denver Nuggets frá upphafi sem hlýtur verðlaunin. Um leið varð hann fyrsti miðherjinn í 21 ár til að vinna verðlaunin.

Jokic hefur farið fyrir liði Denver Nuggets sem var með þriðja besta sigurhlutfallið í Vesturdeildinni og leikur í undanúrslitum Vesturdeildarinnar þessa dagana. Hann var meðal efstu manna deildarinnar í stigaskorun, fráköstum og stoðsendingum á tímabilinu.

Fjórtán ár eru liðin síðan Dirk Nowitzki vann verðlaunin fyrstur Evrópubúa, en Jokic sá til þess að verðlaunagripurinn væri áfram í höndum leikmanns frá Evrópu eftir að Giannis Antetokounmpo hafði unnið nafnbótina síðustu tvö ár þar á undan. ■

Íhuga áfengisbann í Ólympíuþorpinu

kristinnpall@frettabladid.is

ÓLYMPÍULEIKAR Skipuleggjendur Ólympíuleikanna í Tókíó eru þessa dagana að íhuga hvort að banna eigi áfengi inni í Ólympíuþorpinu þar sem keppendur dvelja. Afar strangar reglur eru í gildi í Japan vegna kórónaveirufaraldursins..

Veitingastaðir og kaffihús innan Ólympíuþorpsins hafa yfirleitt boðið upp á áfengi og fremsta íþróttafólk heims hefur fengið að sletta úr klaufunum þegar keppni er lokið, en Toshiro Muto, framkvæmdastjóri skipulagsnefndar Ólympíuleikanna, segir það til skoðunar. „Það er ekki búið að taka ákvörðun með áfengisreglur en við getum ekki komið í veg fyrir að íþróttamenn séu að neyta áfengis í eigin herbergjum.“ ■



Bjarki Már ásamt Aroni Einari Gunnarssyni, Birki Bjarnasyni og Heimi Hallgrímssyni þegar þeir unnu saman hjá Al Arabi í Katar. MYND/AÐSEND

Höfum dregist verulega aftur úr

Umfang þess starfs sem er í kringum fótboltalið eykst ár frá ári. Einn þáttur utanumhalds er gagnagreining á leikjum liðanna og þeim leikmönnum sem félög ætla að fá til liðs við sig. Bjarki Már Ólafsson segir Ísland hafa dregist verulega aftur úr hvað þennan þátt varðar.

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Bjarki Már Ólafsson hefur á tiltölulega stuttum ferli sínum sem fótboltaþjálfari og leikgreinandi hlotið viðamikla reynslu. Bjarki Már hefur meðal annars starfað sem yfirþjálfari yngri flokka Gróttu, aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla hjá því félagi, leikgreinandi hjá íslenska karla- og kvennalandsliðinu og nú síðast var hann í þjálfarateymi Heimis Hallgrímssonar hjá Al Arabi.

Bjarki Már vakti athygli á því á Twitter-síðu sinni á dögunum að hann hefði orðið var við umfjöllun um skort á sérhæfingu innan íslensks fótbolta í greiningum á leikfræði, leikmönnum og gögnum.

Bjarki Már benti á þá staðreynd að á Íslandi væru sárafáir einstaklingar sem sérhæfa sig og starfa á þessum sviðum fótboltageirans hér. Þetta séu á sama tíma veigamiklar stöður hjá flestum félögum erlendis.

Fólk með ólíkan bakgrunn

„Ég var nú bara í sumarfríinu mínu að pæla í þessum hlutum og þar sem ég hef verið svo heppinn á mínum stutta ferli í þjálfarabransanum að fá að taka að mér viðamikil verkefni með mjög færum þjálfurum og öðru fagfólki fannst mér að réttast væri að miðla af þeirri reynslu.

Ég ákvað því að hóa því fólki sem hefur áhuga á leikgreiningu, gagnagreiningu og þessum hluta fótboltans saman í einn umræðuhóp á Whatsapp. Það kom mér virkilega á óvart hversu margir hafa áhuga á þessu og einnig hversu ólíkan bakgrunn þeir hafa sem höfðu samband við mig,“ segir Bjarki Már um verkefnið sem hann er með í burðarliðnum.

„Planið er að setja saman fyrirlestraröð þar sem ég fæ sérfræðinga á þessu sviði til þess að halda erindi auk þess að vera með framsögu sjálfur um þennan vinkil á fótboltanum. Að mínu mati höfum við dregist mjög aftur úr hér heima hvað þetta varðar.

Skortur á því að þessum hluta fótboltans sé sinnt er að mínu viti stór þáttur í því að íslensk félagslið hafa dregist aftur úr í samanburði við þau evrópsku félagslið sem við viljum bera okkur saman við.

Það er gríðarlega mikið áhyggjuefni að Ísland hafi síðasta sumar misst sæti í Evrókeppnum félagsliða og hvað deildin okkar er orðin aftarlega á styrkleikalista UEFA,“ segir hann.

Vantar greiningarteymi hjá KSÍ

„Mér finnst hreyfingin í heild sinni hafa sofnað á verðinum hvað það varðar að fylgja eftir þeirri þróun sem hefur átt sér stað erlendis hvað greiningarvinnu varðar.

Það er einkennilegt að hjá KSÍ starfi engin greiningardeild og miðstýringin á þeim gögnum sem verið er að vinna sé ekki betri en raun ber vitni. Þá finnst mér það tímaskekkja að engin félög, mér vitanlega allavega, séu með stöðugildi fyrir leikgreinanda eða einstakling sem sinnir gagnagreiningu.

Mér finnst miður að lítið af þeim fjármunum sem komu inn í íslenskt fótboltaumhverfi vegna þátttöku karlalandsliðsins á EM 2016 og HM 2018 hafi verið nýttir til að bæta þennan þátt nútímaknattspyrnuþróunar. Þessir fjármunir hefðu getað hjálpað okkur að efla faglegt starf félaganna enn frekar en raun ber vitni,“ segir Bjarki Már

„Mig langar að leggja mitt af mörkum til þess að koma umræðunni af stað hið minnsta og vonandi skilar það einhverjum árangri í því að við tökum skref í átt að því að bæta okkur í þessum hluta fótboltans.

Hvað mig sjálfan varðar þá hef ég hug á því að starfa á þessu sviði og stefnan er að einblína á störf þar sem ég hef heildarsýn yfir kaupstefnu, leikgreiningu, gagnagreiningu og faglegt starf hjá félagi með mikinn metnað.

Mér finnst líklegast að næsta starf sem ég tek að mér verði utan landsteinanna en maður veit aldrei í hvaða átt fótboltinn leiðir mann,“ segir þessi metnaðarfulli einstaklingur. ■

Kemur með mikið og gott veganesti í komandi landsleiki

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta mun á morgun, föstudag, mæta Írlandi í vináttulandsleik en leikurinn verður sá fyrri af tveimur vináttulandsleikjum liðanna. Liðin eigast við á nýjan leik á þriðjudaginn kemur.

Leikirnir eru liður í undirbúningi íslenska liðsins fyrir undankeppni HM 2023 sem hefst næsta haust. Einn leikmanna íslenska liðsins sem kemur með blússandi sjálfstraust inn í þessi landsliðsverkefni er Karólína Lea Vilhjálmsdóttir.

Karólína Lea varð um síðustu helgi þýskur meistari með Bayern München en hún gekk til liðs við stórveldið frá Breiðabliki fyrr á þessu ári.

„Það var algerlega frábært að vera hluti af liði sem varð þýskur meistari á mínu fyrsta tímabili þar í landi.

Ég er reyndar frekar jarðbundin manneskja að eðlisfari þannig að ég fór ekki alla leið upp í skýin þó að þessum titli hafi að sjálfsögðu verið fagnað vel og innilega,“ segir Karólína Lea um upplifun sína af því að vinna þessa sterku deild.

„Þegar ég kom til Bayern München var ég meidd á hné og fyrsta mánuðinn var ég bara í endurhæfingu vegna þeirra meiðsla. Upphaflega var gert ráð fyrir að ég kæmi meira inn í liðið á næsta tímabili.



Leikirnir gegn Írum eru hluti af undirbúningi kvennalandsliðsins fyrir mótsleikina í haust.

Ég fékk tækifæri eftir að hafa jafnað mig af meiðslunum og mínúturnar voru í raun fleiri en ég átti von á, sem er bara mjög jákvætt,“ segir hún.

„Ég var mest að spila inni á miðjunni og það tók smá tíma að venjast tempóinu á æfingum og í leikjum. Bayern München spilar þannig leikstíl að áherslan er á að halda boltanum innan liðsins og sækja hratt þegar færi gefst. Eftir nokkrar vikur var ég komin á gott ról og ég er á fínum stað núna,“ segir sóknartengiliðurinn.

„Það var líka erfitt fyrst að búa ein í Þýskalandi og það var alveg krefjandi andlega að geta ekki fengið fleiri heimsóknir að heiman út af kórónaveirufaraldrinum.

Það var því mikilvægt fyrir að mig að fá mömmu út núna í vor og það var gríðarlega þýðingarmikið fyrir mig að geta fagnað titlinum með henni,“ segir Karólína Lea.

„Daginn eftir leik voru leikmenn Bayern München farnir hingað og þangað í landsliðsverkefni og nú er einbeitingin hjá mér bara á komandi verkefni með landsliðinu.

Við vorum ánægð með leikina við Ítalíu og nú er bara að bæta leik okkar enn frekar í komandi leikjum,“ segir hún um komandi leiki við Íra sem fram fara á Laugardalsvellinum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 10. júní 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Grace Gummer er leikkona eins og móðir hennar, Meryl Streep. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýtt stjörnupar

elin@frettabladid.is


Mark Ronson og Grace Gummer hafa tilkynnt trúlofun sína. Það þætt vart tíðindi nema af því að þau eru í heimi stjarnanna í Ameríku. Mark er 45 ára bresk-amerískur tónlistarmaður, plötusnúður, lagahöfundur, hljómplötuframleiðandi og hljómsveitarstjóri.

Hann er hvað þekktastur fyrir samstarf sitt við fræga tónlistarmenn eins og Amy Winehouse, Adele, Lady Gaga, Robbie Williams, Miley Cyrus og marga fleiri. Hann hefur hlotið sjö Grammy-verðlaun. Auk þess fékk hann Óskarsverðlaun, Golden Globe og Grammy fyrir lagið Shallow úr kvikmyndinni A Star is Born þar sem hann var meðhöfundur.

Heimsfræg móðir

Grace Gummer er kannski þekktust fyrir að vera dóttir Meryl Streep en hún fetaði í fótspor móður sinnar og er starfandi leikkona. Grace er tíu árum yngri en Mark. Orðrómur hefur verið á kreiki um samband þeirra frá því í september þegar þau sáust fyrst saman á veitingastað í New York. Nýlega skartaði Grace fallegum demantshring og Mark upplýsti að þau væru opinberlega trúlofuð.

Bæði Mark og Grace hafa verið í hjónabandi áður. Hennar hjónaband stóð þó einungis í 42 daga á síðasta ári. Hvorugt á barn en segjast hafa áhuga á því að stofna til fjölskyldu. Grace hefur starfað jafnt í leikhúsi, sjónvarpi og í kvikmyndum. ■





Fida Abu Libdeh er framkvæmdastýra GeoSilica. Hún kom sem unglingur til Íslands frá Palestínu og stofnaði fyrirtækið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kísillinn er lykillinn

GeoSilica varð til fyrir sjö árum þegar Fida Abu Libdeh og Burkni Pálsson sameinuðu krafta sína. GeoSilica framleiðir fimm hágæða 100% náttúruleg vegan-vottuð fæðubótarefni sem byggja á virkni kísils á líkamann og áhrifum hans á upptöku nauðsynlegra steinefna. 2

Fida og Burkni voru í námi í Háskólanum í orku- og umhverfistæknifræði. Þar var sérstök áhersla lögð á jarðvarma. „Við féllum bæði fyrir jarðhitakísli og möguleikum hans. Ég var þá að skoða áhrif kísils á mannslíkamann og Burkni hreinsunarmöguleika á kísli úr jarðhitavatni. Við ákváðum að gera saman lokaverkefni um jarðhitakísil sem var svo upphafið að stofnun GeoSilica," segir Fida.

Algengt efni en vandunnið

Kísill er eitt algengasta steinefni jarðar. Það finnst sem snefilefni í líkamanum og hefur margvísleg áhrif. „Kísill hefur áhrif á bandvef, æðakerfið, hár, húð, neglur, bein og brjósk og fleira. Fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á beina tengingu milli beinþéttni og magn kísils í líkamanum. Því hærra kísilmagn, því þéttari bein. Kísill eykur líka upptöku steinefna í líkamanum, en steinefni eru líkamanum bráðnauðsynleg á margan hátt.

Þó svo besta leiðin til að styrkja kísilbúskap líkamans sé að fá hann úr fæðunni, getur það reynst erfitt að fá nóg. Þá minnkar upptaka líkamans á kísli eftir því sem við eldumst. Því er almennt mælt með að fólk taki inn kísil sem fæðubótarefni. Því fyrr sem fólk byrjar að taka inn kísil, því betra. Þá er æskilegt að fæðubótarefnin komi úr náttúrulegri uppsprettu eins og GeoSilica býður upp á," segir Fida.

Á Íslandi er neysluvatnið mjúkt, sem þýðir að það er sérstaklega snautt af steinefnum á meðan jarðhitavatnið er stútfullt af kísli. „En heita vatnið inniheldur líka efni sem við eigum ekki að innbyrða eins og brennistein, sem þarf að hreinsa út. Það er því mælt með fyrir þau sem búa á Íslandi að taka inn steinefni til að bæta upp fyrir þennan skort í neysluvatninu."

Framleiðslan

Að sögn Fidu er vandamálið við vinnslu á kísli fyrir fæðubótarefni og annað, það hversu erfitt og oft óumhverfisvænt er að vinna hann. „Mest af kísli finnst í steinum og sandi. Algengasta leiðin við vinnslu á kísli er með notkun iðnaðaraðferða með notkun sýru til að einangra kísil úr sandi."

GeoSilica er í samstarfi við ON og hreinsar kísilinn úr jarðhitavatni frá Hellisheiðarvirkjun með svokallaðri GeoStep aðferð. „Aðferðin gerir okkur kleift að aðskilja kísil beint úr jarðhitasvæðum Íslands án þess að nota nokkur efni í ferlinu. Á Íslandi höfum við ákveðið forskot þegar kemur að kísilvinnslu. Við náum í jarðhitavatn á miklu dýpi sem inniheldur mikið af uppleystum kísli. Lykilatriði er að við náum að vinna kísilinn áður en hann fellur út í stein, eins og tilfellið er með kísilframleiðslu úr sandi.

Þá er einnig hentugt að landið og jarðhitasvæðið er afar ungt, í jarðsögulegu samhengi. Sömuleiðis inniheldur jarðhitavatnið lítið af þungmálmum," segir Fida.

„Við höfum lengi verið sannfærð um gæði kísils úr íslensku jarðhitavatni og á dögunum hlutum við styrk úr Vexti tækniþróunarsjóði til að gera þriggja fasa klíníska rannsókn. Við sjáum fram á að fá niðurstöður fljótlega en rannsóknin sjálf mun taka um 1-2 ár og vonumst við til þess að geta staðfest þennan grun."

Tikka í mörg box

„Við erum eina fyrirtækið í heiminum sem vinnur kísil á þennan hátt og fyrir það höfum við vakið athygli á heimsvísu hvað varðar umhverfissjónarmið, sjálfbærni og margt fleira. Okkur hefur verið boðið til allra helstu jarðhitasvæða



Kísill hefur áhrif á bandvef, æðakerfið, hár, húð, neglur, bein og brjósk og margt fleira. Hann eykur einnig upptöku steinefna í líkamanum, en steinefni eru líkamanum bráðnauðsynleg á fjölda vegu.
MYND/AÐSEND


Fida féll fyrir möguleikum jarðhitakísils í háskólanámi.

í heiminum eins og Nýja-Sjálands, Filippseyja, Mexíkó og víðar til að kynna verkefnið, en þessi svæði eru áhugasöm um leiðir til þess að skapa og nýta verðmæti sem eru til staðar og fara jafnvel forgörðum.

Hér á landi erum við til dæmis að taka jarðhitavatn sem annars væri dælt aftur í jarðgeyminn eða út í sjó og vinna úr því steinefni sem annars myndu falla út og valda útfellingarvandamálum."

Kísillinn sem GeoSilica framleiðir er að stórum hluta notaður í vörulínu GeoSilica. „Við framleiðum að auki kísil og seljum sem hráefni til fyrirtækja sem framleiða húðvörur, drykki eða eru í annars konar vöruþróun. Framleiðsluaðferð okkar uppfyllir markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og erum við í raun að tikka í mjög mörg box með þessari tækni okkar."

Fimm fræknar vörur

GeoSilica býður upp á fimm vörutegundir sem allar byggja á undraverðum eiginleikum kísils, ýmist óblandaðar eða í bland við vítamín og steinefni sem auka enn á virkni varanna. „Kísillinn hefur ýmis góð áhrif á starfsemi líkamans en gegnir einnig mikilvægu hlutverki í að auka upptöku steinefna og vítamína í líkamanum. Því er það snjallt að bæta öðrum virkum efnum við kísilinn. Hver vara er hönnuð til að bæta upp ákveðinn skort og fólk finnur það oft sjálft hver sá skortur er. Til dæmis bendir hárlos eða slæmar neglur oft til skorts á sinki eða kopar. Magnesíumskortur lýsir sér oft í fótaóeirð og margt fleira. Flestir sem byrja að taka fæðubótarefnin frá GeoSilica finna fyrir áhrifum á innan við mánuði, það er á fyrstu flöskunni," segir Fida.

Því fyrr því betra

Aðalhráefnið í öllum fimm vörunum er kísillinn, en hann hefur engin eiturefnaáhrif sé hann tekinn í stærri skömmtum. Öll önnur efni sem finna má í fæðubótarefnum eru samkvæmt ráðlögðum dagskömmtum og einskorðuð við eina vöru í senn. „Því er engin hætta á að fólk taki of mikið af einhverju þó það noti fleiri en eina vöru frá okkur daglega. Allir sem eru 18 ára og eldri geta notað vörurnar frá GeoSilica. Pure er einnig tilvalið fyrir fólk allt niður í 14 ára, sérstaklega ef fólk er að æfa stíft og líkaminn er undir álagi. Því fyrr sem steinefnaupptaka er í lagi, því betra," segir Fida og bætir við að hún taki undir orð heilbrigðisráðherra þar sem hún segir að hluti af lausn á þeim vandamálum sem heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir séu forvarnir og fyrirbygging, en fyrirbyggingu getum við náð fram með daglegri inntöku á náttúrulegum, íslenskum steinefnum.

Fæðubótarefnin frá GeoSilica koma öll í vökvaformi í 300 ml flösku sem dugir í mánuð. „Við ákváðum að hafa bætiefnin í vökvaformi því uppsprettan, jarðhitavatnið, er náttúrulega í vökvaformi. Líkaminn kannast við vökva sem er steinefnaríkur og á auðveldara með að setja hann á réttan stað heldur en ef bætiefnin koma í töfluformi. Vökvaformið er einfaldlega besta og hentugasta upptökuleið líkamans á kísli.

Kísillinn sjálfur hefur ekki mikið bragð en annars er bragðið mismunandi eftir því hverju er blandað við GeoSilica grunninn. Bragðið af Recover er til dæmis súrt út af magnesíuminu. Flestir geta tekið fæðubótarefnin beint í skeið en það má einnig blanda þau í mat eða annað, ef það hentar betur. Virknin er sú sama."

Þykir vænt um íslenskan markað


„Neytendur hafa verið mjög ánægðir með vörurnar frá GeoSilica og slógum við rækilega í gegn fyrsta árið sem við settum vöru á markað. Síðan hefur salan tvöfaldast á ári hverju og er nú svo komið að 70% af tekjum fyrirtækisins koma frá sölu út fyrir landsteinana. GeoSilica vörurnar fást í vefverslunum í fimm löndum, meðal annars í þýskumælandi löndum, Hollandi, Bandaríkjunum og Ástralíu. Okkur þykir eftir sem áður mikilvægt að vera áfram áberandi á íslenskum markaði enda er það okkar heimamarkaður og þar er framleiðslan," segir Fida að lokum. ■

GeoSilica vörurnar má allar nálgast á glæsilegri heimasíðu geosilica.is.



Refocus
Refocus er sérhannað fyrir hug og orku. Þetta er nýjasta varan á markaði en vöruþróunin var mjög krefjandi. Við vildum halda vörunni vegan eins og hinum vörunum, en það reyndist þrautinni þyngri að finna vegan-vottað járn og D-vítamín. Vanalega er járn unnið úr dýraafurðum og sömuleiðis er D-vítamín oft unnið úr dýrafitu. Svo hófum við samstarf með sprotafyrirtæki sem framleiðir D-vítamín úr sveppum og annað nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur járn úr þörungum sem bæði eru vegan-vottuð.

D-vítamín stuðlar að eðlilegri heilastarfsemi, orkubrennslu og dregur úr þreytu. Þá stuðla bæði járn og D-vítamín að heilbrigðu ónæmiskerfi. Járnskortur er einn algengasti næringarskortur í heimi, sérstaklega hjá konum, og enn frekar hjá konum á blæðingum. Refocus er mjög gott að taka inn allt árið um kring og sérstaklega á veturna.



Recover
Recover er sérhannað fyrir vöðva og taugar og er sérlega vinsælt hjá íþróttafólki. Varan inniheldur magnesíum sem stuðlar að eðlilegri virkni vöðva- og taugakerfisins og hjálpar til dæmis við endurheimt og líkamlega frammistöðu. Einnig bætir Recover jafnvægi salta í líkamanum. Þá er gott að taka inn Recover fyrir svefninn til að minnka sinadrátt. Flestir finna fyrir verulegum úrbótum innan fáeinna daga.



Pure
Pure er fyrsta varan okkar og inniheldur 100% hreinan kísil og ekkert annað. Varan er tilvalin fyrir þá sem vilja auka kísilmagn í líkamanum. Líkaminn framleiðir ekki kísil og það sem við fáum úr fæðunni er sjaldan nóg. Auk þess minnkar upptaka kísils með aldri.



Repair
Repair er söluhæsta vara GeoSilica í apótekum. Repair er sérhönnuð blanda fyrir liði og bein og inniheldur kísil og mangan. Kísillinn gegnir tvöföldu hlutverki í vörunni en ein virkni kísils er að stuðla að þéttni beina. Einnig eykur hann upptöku á mangani sem stuðlar að eðlilegri myndun bandvefs, eykur framleiðslu á liðvökva og styrkir bein og liði.



Renew
Renew inniheldur kísil, sinkklóríð, kopar og súlfat og er sérhannað fæðubótarefni fyrir hár, húð og neglur. Varan er sérstaklega góð fyrir nýbakaðar mæður en margar upplifa hármissi og annað eftir meðgöngu. Þess má geta að fæðubótarefnið fer ekki í brjóstamjólkina og því er óhætt fyrir mæður með börn á brjósti að taka inn Renew.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



IVY BEAU Ricky gallajakki
Stærð 36-46
Verð kr. 12.980



YEST/YESTA Gallajakki
Stærðir 36-56
Verð kr. 14.980



YESTA Gallajakki
Fæst líka í hvítu
Stærð 44-56
Verð kr. 12.980



ZHENZI Gallajakki
Fæst líka í hvítu og dökkbláu
Stærð 42-56
Verð kr. 10.990



ZHENZI gallajakki
Stærðir 42-58
Verð kr. 10.990

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE-ZE Nordic OPHILIA



GOZZIP Tove skyrtukjóll með doppum
Fæst líka í svörtu
Stærð 40-56
Verð kr. 17.980



GOZZIP Gitte basic hlýrakjóll
Fæst líka í bleiku og grænu
Stærð 38-56
Verð kr. 8.980



YESTA Hendrina bolur
Stærð 44-56
Verð kr. 7.980



YEST/YESTA Ilza toppur
Stærð 38-56
Verð kr.7.980



ZHENZI Twist strechbuxur
Fást í fleiri litum
Stærð 42-58
Verð kr. 7.990

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR
FRANDSEN Tamaris Handberg Jana



SANDGAARD Luxembourg – undirkjóll
Fæst líka í svörtu
Stærð 36-54
Verð kr. 4.980



SANDGAARD New York,
síður aðhalds hlýrabolur.
Fæst líka í húðlitu
Stærð 36-54. Verð kr. 4.980



SANDGAARD New York,
stuttur aðhalds hlýrabolur.
Fæst líka í svörtu
Stærð 36-54. Verð kr. 4.980



SANDGAARD New York
Aðhaldsleggings
Fást líka í gráu
Stærð 36-54. **Verð kr. 6.980**



JANA sandalar
Fást í fleiri litum
Stærðir 37-42
Verð kr. 10.990



JANA sandalar
Fást í fleiri litum
Stærðir 37-42
Verð kr. 10.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Fer ótroðnar slóðir í tískuheiminum



Elín Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Franski tískuhönnuðurinn, Simon Porte Jacquemus var aðeins tvítugur þegar eftir honum var tekið á heimsmarkaði tískunnar. Þá þegar hafði hann skapað sitt eigið tískumerki, Jacquemus, og var boðið að taka þátt í tískuvikunni í París.

Núna ellefu árum síðar þykir Jacquemus afar hugmyndaríkur hönnuður og fær mikla umfjöllun um sig í tískutímaritum. Hann lét ekki staðar numið í Covid-lokunum heldur notaði samfélagsmiðla óspart til að kynna nýja vöru. Þegar Jacquemus kynnti sumartískuna 2021 lét hann ekki netheima nægja heldur fór með sýningarfólk og gesti á hveitiakur þar sem rúmt var um alla. Sýningin vakti mikla athygli. Litrík fötin nutu sín vel í litlausum hveitiakrinum. Ef skoðuð er götutíska undanfarna daga á götum heimsborga, kemur í ljós að hönnun Jacquemus er vinsæl og þá sérstaklega handtöskur hans. Margir áhrifavaldar hafa valið sér handtösku úr smiðju þessa unga hönnuðar. Meðal þeirra eru Kylie Jenner og Hailey Bieber auk stjarna á borð við Rihönnu, Beyoncé og Kim Kardashian. Handtöskur sem kosta að minnsta kosti um 80 þúsund.

Jacquemus fæddist í Salon-de-Provence í Frakklandi. Fjölskylda hans var fátækt bændafólk. Faðir hans söng í metal-hljómsveit en það var aðallega móðirin sem ól hann upp. Mæðginin fluttu til Mallemort í S-Frakklandi þar sem hann bjó til 18 ára aldurs er hann hélt til Parísar í nám við tískuskólann École supérieure des arts et techniques de la mode. Hann hætti námi þegar honum bauðst staða við tískutímaritið Citizen K.

Þegar móðir hans féll skyndilega frá í bílslysi ákvað Jacquemus að hefja framleiðslu undir eigin nafni. Í upphafi kynnti hann hönnun sína á tískukvöldi hjá Vogue. Hönnun hans þykir á margan hátt einföld en þó með skemmtilegum smáatriðum. Í dag hannar hann bæði kven- og karlmannafatnað, skó, hatta og töskur.

Til að fá innblástur fyrir sumarið er upplagt að skoða sumartískuna frá Jacquemus. Fallegir litir einkenna fatnaðinn og púffermar. Sólin í S-Frakklandi hefur greinileg áhrif á hönnunina. Sýningin á hveitiakrinum var fyrsta raunverulega tískusýningin í Frakklandi eftir að útgöngubann var sett á. Ritstjórar helstu tískutímarita í Frakklandi mættu á akurinn þrátt fyrir að þetta væri mjög heitur dagur og farsímaþjónusta af skornum skammti. Jacquemus bjargaði því með því að útdeila sólarvörn og sólhlífum.

Jacquemus er öflugur á Instagram þar sem hann er með yfir milljón fylgjendur. Hann varð þess heiðurs aðnjótandi að Karl Lagerfeld gekk til hans og sagði hann frekar fallegan. Þótt Jacquemus sé af bændum kominn dreymdi hann alltaf um glamúr, fór reglulega í kvikmyndahús og lá yfir tískutímaritum og þá sérstaklega Vogue. Þegar hann var 8 ára sendi hann bréf til Jean Paul Gaultier þar sem hann bauð sig fram sem stílista. Í frítíma sem barn stóð hann við vegkantinn nálægt heimili sínu og seldi ferðamönnum grænmeti. Núna hefur hann sextíu manns í vinnu og starfsfólki fjölgar stöðugt á vinnustofu hans í París. Salan hefur líka tvöfaldast á hverju ári síðan 2017.

Árið 2015 hlaut Jacquemus sérstök dómnefndarverðlaun sem veitt eru ungum og hæfileikaríkum hönnuðum. Verðlaunin voru ríflega peningaverðlaun og var hann hvattur til að nota þau til að fjárfesta í starfsmönnum með tækniþekkingu. Aftur hlaut hann verðlaun árið 2016 sem ungur, hæfileikaríkur hönnuður og að þessu sinni var það The Business and Fashion sem veitti þau.

Jacquemus hefur sagt að það sé ekkert mikilvægara en að kaupendur vöru hans birti mynd af sér á samfélagsmiðlum. ■



Jacquemus sýndi sumartískuna fyrir 2021 á hveitiakri á meðan landið var lokað vegna Covid. Óneitanlega frumlegt umhverfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Jacquemus er ófeiminn við liti og segist alltaf brosa á móti sólinni. Bleik dragt sem er fallega sniðin. Takið eftir víddinni í buxunum.



Buxnatískan er að breytast og líkist því sem var í upphafi áttunda áratugarins. Buxurnar eru háar upp.



Púffermar fyrir sumarhita. Svolítið sérstök hönnun sem mörgum finnst mjög smart og nútímaleg.



Handtöskurnar seljast eins og heitar lummur hjá stjörnunum og fást í nokkrum fallegum litum.



Jacquemus er þekktur fyrir hattana sína sem sumir eru snotrir en aðrir barðastórir. Sumarlegur litur.





BIOTHERM SUMAR OG SÓL

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 10. - 14. JÚNÍ.



KAUPAUKINN ÞINN


BIOTHERM handklæði
eða
BIOTHERM snyrtitaska með
Waterlover sólarvörn 40 ml,
Life Plankton body lotion 75 ml
og prufum.



Sumarkaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.

BIOTHERM **20%** AFSLÁTTUR

Lyf & heilsa



Gallajakkar eru alltaf vinsælir á sumrin. Ísaumað mynstur lífgar upp á jakkann.

Kósífötum skipt út fyrir sumarflíkur

Kósígallar og náttföt voru sennilega vinsælustu flíkurnar síðasta árið, enda flestir búnir að vera meira og minna heima við. Núna er kominn tími til að skipta þeim út fyrir smart sumarföt.

sigriduringa@frettabladid.is


Sumartískan er með líflegasta móti í ár og er innblásin af straumum frá níunda áratugnum. Hún einkennist af ljósum litum og bleikum pastellitum, bláum tónum, blómamynstri, þægilegu sniði og léttum efnum.

Líflegir blómakjólar
Eitt er ómissandi í fataskápinn í sumar og það er fallegur, rómantískur blómakjóll, ýmist síður eða frekar stuttur. Kjólar með fíngerðu, jafnt sem stórgerðara blómamynstri eru vinsælir og passa við næstum hvaða tækifæri sem er.

Hægt er að klæða blómakjóla upp eða niður, allt eftir því hvert tilefnið er. Fyrir sérstaka viðburði eða veislur og partí er fallegt að vera í hælaháum sandölum við blómakjól, en við hversdagsleg tækfæri er flott að vera í strigaskóm, gallabuxum og jakka við kjólinn. Ekki er laust við að sumarkjólarnir í ár séu undir áhrifum hippatískunnar.



Það er ekki laust við að rómantískir straumar frá áttunda áratugnum setji svip sinn á sumartískuna í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Sumartískan er með líflegasta móti í ár og er innblásin af straumum frá níunda áratugnum.

Buxur með beinu sniði
Gallabuxur fara aldrei úr tísku og er hægt að nota allt árið um kring. Þessa dagana eru gallabuxur með útvíðum eða beinum skálmum mjög vinsælar, en hver og einn ætti að geta fundið gallabuxnasnið að sínum smekk.

Sá litur sem er hvað eftirsóttastur er hvítur, en ljósbláar gallabuxur koma líka sterkar inn. Buxurnar eru almennt upphár og frekar víðar í sniðinu svo þægindin eru í fyrirrúmi. Svartar buxur ganga auðvitað alltaf en það er gaman að breyta til yfir sumarið. Hægt er að nota gallabuxur hversdags jafnt sem spari, eftir því hvað notað er við þær. Gallabuxur henta vel sem vinnufatnaður og eru fínar við jakka og skyrtu en hversdagslegri við stuttermaboli eða háskólaboli. Þær eru líka smart við síðari skyrtur, skyrtur með púffermar eða sumarkjóla.

Klassískir gallajakkar
Þegar kemur að heildarútlitinu setur gallajakki oft punktinn yfir i-ið. Gallajakki með klassísku sniði passar við nær allan fatnað og hentar í raun fyrir öll tækifæri, líka í sumarútileguna. Gallajakki og lopapeysa eru til dæmis skotheld tvenna.

Núna eru gallajakkar með fallegum smáatriðum vinsælir, til dæmis ísaumuðum myndum. Gallajakkar passa líka einstaklega vel yfir sumarkjóla og við síðbuxur.



Strigaskór eru sumarskórnir í ár. Þeir geta verið allt frá því að vera klassískir upp í að vera frekar stórgerðir með áberandi mynstri.

Strigaskór eru sumarskórnir
Yfir sumarið eru strigaskór sérlega hentugir, enda einstaklega þægilegir og gott að ganga á þeim. Klassískir strigaskór fara aldrei úr tísku en þetta árið eru strigaskór í ljósum litum jafnt sem svartir móðins, líkt og skór með lituðum röndum eða mynstri. Strigaskór með grófum botni og áberandi mynstri eru líka vinsælir.

Stórar púffermar
Skyrtur með púffermum eru komnar í tísku aftur og þeim mun stærri ermar, þeim mun betra. Slíkar ermar lífga sannarlega upp á heildarútlitið og gera það skemmtilegt. ■

HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA

SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA

SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:

HÓTEL

HEILSÁRSHÚS

SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar








Til Sölu nýjir Terhi 400 vatnabátar til afgreiðslu strax. Löngusker umboðsaðili Terhi báta á Íslandi Sími 8214005

Þjónusta

Garðyrkja



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu


SVARTUR Á LIT !
Emmaljunga duo vagn og kerrustykki til sölu, vel með farið. Verð 45þús eða tilboð S. 663 3313



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

2 herb. íbúð 70m2 til leigu í Grafarvogi 110þús. Á mán, innifalið hiti og rafmagn. Uppl. í s. 8674463 og gbgraso@simnet.is - Ekki heimilisdýr

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

RUNARMURARI.IS
Rúnar múrari óskar eftir tveimur unglingum á grunnskólaaldri, helst félögum, til að halda vinnusvæði hreinu. Einnig málningarvinna og smá handlang. Vinna á jarðhæð. Uppl. í s. 780 2838, Rúnar

Tilkynningar

Tapað - Fundið

HVAR ER SKÝRSLAN?
Fyrir 6 mánuðum óskaði Viðreisn eftir upplýsingum frá sjávarútvegsráðherra um umsvif stærstu útgerðarfyrirtækja landsins í íslensku atvinnulífi. Enn hefur ríkisstjórnin ekki svarað. Svör óskast. Almannahagsmunir eru undir.
Viðreisn







Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055













Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali



Hjólafesting
á bíl
frá 4.995



Viðgerðar-
kollur
7.495



Jeppatjakkur
2.25T 52cm
19.995
49.999
Vélagálgi 2T



Viðgerðarbretti
4.895



Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795



1.999
Álskóflur



9.985
Vélastandur 500kg



AirBrush
loftdæla
19.995



6T Búkkar
605mm Par
9.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995
Hleðslutæki 12V 6A



39.995
Verkfæraskápur
á hjólum




99.999
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum



frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum



Steðjar í
miklu úrvali



7.995
1/2 Toppasett



3.995
1/4 Toppasett



Vice Multi
angle
6.985



14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk



5.995
Verkfærasett
108 stk



4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla





15.995
Ranamyndavél

Mikið úrval af LED
kösturum og ljósum





Verðmæta-
skápar
frá 5.995



Sandkassa-
grafa
4.995



Lyklabox
í miklu
úrvali



4.995
Verkfæraset



1.995
Burstasett í borvél



Lím-
byssur
frá 995



Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir



13.995
Flísasög 80mm

Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995





9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm

Fjölsög
Höfftech
5.999





Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995
Súluborvél 350W



19.995
Metabo
KS216 bútsög

Garðverkfæri í miklu úrvali

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Halldór Jóhannsson

læknir,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu föstudaginn 4. júní. Útför fer ekki fram að ósk Halldórs. Minningarathöfn fyrir þá sem vilja minnast hans verður haldin að heimili hans, Sunnuflöt 4, Garðabæ, miðvikudaginn 16. júní kl. 17.

Margrét Halldórsdóttir
Stefanía Halldórsdóttir
Halla Halldórsdóttir
Jóhann Halldórsson
Marinó Kristinsson
Lars Meyer-Myklestad
Einar Páll Indriðason
Valgerður Margrét Backman
afabörn og langafabörn.



†

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Harðar Agnars Kristjánssonar

húsasmíðameistara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahjúkrunar í Kópavogi, deildar 7b á Landspítalanum í Fossvogi og Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaklega góða þjónustu og hlýhug.

Sigríður Birna Lárusdóttir
Bjarni Lárus Harðarson
Kristján Þór Harðarson
Nína Vilborg Hauksdóttir
Geirlaug B. Geirlaugsdóttir
og barnabörn.



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Regína Hanna Gísladóttir

Sléttuvegi 27, Reykjavík,

lést sunnudaginn 6. júní.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 15. júní kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Hrafnistu Sléttuvegi fyrir góða umönnun.

Þórður Haukur Jónsson
Jón Rafnar Þórðarson
Björgvin Þórðarson
Unnur Th. Söreide
Marta Þórðardóttir
Valgerður Ásgeirsdóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Torleif Söreide
Egill Þorsteins
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og jarðarfarar

Ólafs Arnar Arnarsonar

læknis.

Einnig bestu þakkir til starfsfólks LSH, Vífilsstaða og Sóltúns fyrir góða umönnun.

Guðrún K. Ólafsdóttir
Sverrir Ólafsson
Katrín Ólafsdóttir
Ingibjörg Hauksdóttir
Ole Aaboe Jörgensen
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær móðir okkar og amma,

Þóra Guðríður Stefánsdóttir

frá Borgarhöfn, síðast til heimilis að Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu þann 28 maí sl.
Útför verður í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Pétur Jónsson
Jóna Gígja Jónsdóttir
Unnur Elísa Jónsdóttir
Jón Pétur Bosson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .



Ingibjörg hefur varið mörgum stundum í þessum íþróttasal Melaskóla gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íþróttakennari í yfir hálfa öld

Ingibjörg Hjaltalín Jónsdóttir lætur af störfum í dag eftir 52 ár sem íþróttakennari í Melaskóla. Hún æfir golf og lætur ekki árin 71 aftra sér frá því að ganga Fimmvörðuháls eftir fáeina daga.

gun@frettabladid.is

Ég var ákveðin í að hætta að kenna þegar ég yrði sextug en svo var ég ekki tilbúin þegar á átti að herða því mér fannst starfið svo skemmtilegt – og finnst það reyndar enn í dag. Fyrir nokkrum árum fór ég í hálfa stöðu sem íþróttakennari og tók að mér forfallakennslu í bekkjum, það finnst mér æðislegt, því fylgir svo mikil fjölbreytni. Hef líka verið að kenna sund," segir Ingibjörg Hjaltalín Jónsdóttir, íþróttakennari í Melaskóla, sem ætlar að taka skrefið í dag og segja skilið við ævistarfið. „Mér líður ekkert þannig að ég verði að hætta að vinna, en hef svo mörg áhugamál að ég veit að ég finn mér eitthvað að gera," segir hún bjartsýn.

Lítið fyrir kyrrsetu

Það virðist lítil hætta á að Ingibjörg leggist í kör þó hún hætti að kenna, því áhugamálin snúast mest um hreyfingu. Hún gengur reglulega á Esjuna með vinkonum sínum og svo hlaupa þær sér til heilsubótar þrisvar, fjórum sinnum í viku. Eru þær kannski að æfa fyrir maraþon? „Nei, en ég er búin að fara í nokkur maraþon og hlaupa Laugaveginn. Nú

> Ég hef samt örugglega verið leiðinleg á köflum, sérstaklega þegar ég var ung og óörugg sjálf. Þá var ég strangari en í dag, nú kann ég að halda virðingu en vera samt góð.

stefni ég á að ganga Fimmvörðuháls 19. júní, hef aldrei gert það áður og viðurkenni að hann stressar mig svolítið en ég ætla að fara."

Svo kveðst Ingibjörg stunda skíðabrun á veturna. „Þar sem lyfturnar voru ekki opnar í vetur keypti ég mér gönguskíði og fór að iðka gönguskíðasport. Auk þess er ég í golfi. Hef alltaf átt frekar erfitt með að halda kyrru fyrir. Fæddist mánuði fyrir tímann og pabbi sagði einhvern tíma þegar ég var orðin rígfullorðin. „Þú flýttir þér í heiminn og hefur verið á spani síðan."

Aðspurð segist hún aldrei slæm í liðum eða annars staðar í skrokknum. „Sem betur fer er ég mjög hraust og er þakklát fyrir það. Tek lýsi, D- og C-vítamín og hef fengið góð gen frá foreldrunum. Er núna stödd hjá mömmu sem er 99 ára og bráðhress."

Tregablandin skólaslit

Skólaslit eru í Melaskóla í dag og þá hættir Ingibjörg formlega. Verður það ekki tregablandið? „Jú, hjá mér og vonandi hinum líka! Ég verð ægilega spæld ef þau verða ekki dálítið leið yfir þessu – læt sem ég sjái tár falla, þó þau verði ekki þarna! Ég hef samt örugglega verið leiðinleg á köflum, sérstaklega þegar ég var ung og óörugg sjálf. Þá var ég strangari en í dag, nú kann ég að halda virðingu en vera samt góð. Það eiga margir erfitt en ég gerði mér kannski ekki grein fyrir því."

Ingibjörg segir dálítið skondið hvernig ævistarfið hófst. „Það vantaði svo marga íþróttakennara á landsbyggðinni og flestir skólafélagarnir úr Íþróttakennaraskólanum fóru þangað. En ég var nýtrúlofuð og vildi ekki út á land heldur var á biðlista í borginni og réði mig í verslunina Ellingsen. Þar byrjaði ég 1. september klukkan 9. Nokkrum mínútum seinna var hringt frá fræðslustjóra Reykjavíkur og mér boðin hálf staða í Melaskóla. Ég gekk út úr Ellingsen án þess að láta nokkurn vita. Veit ekki hvað kom yfir mig, þetta er svo ólíkt mér." Ertu að ljóstra þessu upp núna? „Já, ég vona að þetta fari ekkert lengra! En svona átti þetta að fara og mér hefur liðið afskaplega vel í Melaskóla. Þar hefur alltaf verið gott að vera." ■



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Þóra Víkingsdóttir

ónæmisfræðingur og kennari,

varð bráðkvödd á heimili sínu, Mosagötu 13, Garðabæ, mánudaginn 31. maí. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að hægt er að styrkja góðgerðarstarf. Útför fer fram frá Vídalínskirkju laugardaginn 12. júní klukkan 13.
Streymt verður frá athöfninni á: www.streyma.is.

Bjarni Jónsson
Sveinbjörg Bjarnadóttir
Þóra Hrund Bjarnadóttir
Lynggaard
Niels Lynggaard
Valgerður Bjarnadóttir
Jóhannes Ingi Torfason
Kári Kristinn Bjarnason
Særún Anna Traustadóttir
Sölvi, Silja og Svana



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Lovísa Grímsdóttir

áður til heimilis á Aflagranda 40, Reykjavík,

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 2. júní 2021.
Útförin fer fram föstudaginn 11. apríl kl. 10.00.
Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir. Athöfninni verður streymt á: https://youtu.be/fkldZsVAwul

Grímur Sveinbjörn Sigurðsson
Freysteinn Sigurðsson
Hulda Guðlaug Sigurðardóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir
Sigurður Sigurðsson
Sigríður Valgerður Finnsdóttir
Kolbrún Sigurpálsdóttir
Brynjar Þórarinsson
Skúli Kristjánsson
Liv Marit Solheim Sigurðsson
Sigrún Lovísa Sigurðardóttir
og fjölskyldur.



SIR ARNAR GAUTI

Heimsókn í Finnsson Bistro


Arnar Gauti heimsækir nýjasta og heitasta veitingastað Reykjavíkur, Finnsson Bistro, sem opnaði nýverið í Kringlunni. Á bak við staðinn stendur sjálf Finnsson-fjölskyldan, matreiðslumeistarinn þjóðþekkti Óskar Finnsson, María Hjaltadóttir eiginkona hans og börn þeirra, þau Klara og Finnur. Arnar Gauti kynnist hugmyndinni á bak við staðinn sem og hönnuninni, sem þykir sérlega glæsileg og nýstárleg.

Ekki missa af Finnsson-fjölskyldunni hjá Sir Arnari Gauta kl. 20.00, bara á Hringbraut.

HÚSASMIÐJAN

HRINGBRAUT

Veðurspá Fimmtudagur



Suðlæg átt 5-13 í dag, en gengur í norðaustan 10-15 á Vestfjörðum. Áfram vætusamt á landinu, en styttir upp norðaustantil síðdegis. Hiti yfirleitt á bilinu 8 til 14 stig. ■





Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Kristinn Jens Sigurþórsson (TG) átti leik gegn Birni Hólm Birkissyni (2090) á Íslandsmóti skákfélaga.

28...Hxa2! 0-1. Vignir Vatnar Stefánsson vann sigur á Pallamótinu – minningarmóti um Pál Árnason sem fram fór í Vestmannaeyjum síðustu helgi. Helgi Áss Grétarsson varð annar. Helgi Ólafsson, Guðmundur Kjartansson og Hannes Hlífar Stefánsson urðu jafnir í 3.-5. sæti.


www.skak.is: Skráning hafin í Kviku Reykjavíkurskákmótið! ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 FEYSKINN
5 BOÐ
6 VAFI
8 ÓGÆFA
10 Í RÖÐ
11 STJAKA
12 EIND
13 KEMBA
15 LESVÉL
17 GRAMAR

LÓÐRÉTT
1 INNGANGS
2 MÁLMUR
3 SVELG
4 HAFNA
7 FREKIR
9 NOT
12 AÐSJÁLL
14 KÚGA
16 ÁT

LÁRÉTT: 1 fúinn, 5 orð, 6 ef, 8 raunir, 10 mn, 11 frakkir, 9 nýting, 12 spar, 14 oka, 16 na.
LÓÐRÉTT: 1 formáls, 2 úran, 3 íðu, 4 neita, 7 ýta, 12 stak, 13 lopi, 15 skanni, 17 argar.



Sudoku

	6		2		9		7	1
4			7		8	9	5	
	5		6		4			
		6			1		3	
	2							
8	4	7		6				5
			9		6	3	1	7
		4		7		8		
9			8	2				

			8		3	9	2	
5	7					8		
			1	2				
		5			9			
		4		7				2
6						3		
		6					4	
3	5				8		6	
9								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.


Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán


Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING









Ljósavinir hafa snert líf mitt án þess að vita það. Komdu í hópinn!

Í Ljósið leita hundruðir einstaklinga í endurhæfingu í hverjum mánuði en einnig fá þar aðstandendur stuðning og fræðslu. Greiningum á krabbameini fjölgar en á sama tíma verða lífslíkur betri. Því er aukin þörf á faglegri endurhæfingu fyrir líkama og sál.

Við þurfum fleiri ljósavini. Vertu mánaðarlegur styrktaraðili á **www.ljosid.is**

Ljósið

Sumarti

blómaval

Öll sumarblóm og garðplöntur

25%

afsláttur





Stjúpu tilboð

43%

Stjúpur 10 stk.

1.290kr

~~2.290kr~~



25%

Sólboði

10210424/ 10211207

1.490kr

~~1.990 kr~~



25%

Margarita

10211200

1.690kr

~~2.290 kr~~



20% afsláttur

Nilfisk háþrýstidælur



20% afsláttur

Pallaolía, viðarvörn og hreinsiefni



20% afsláttur

Claber slönguhjól



20% afsláttur

Avasco hillurekkar



20% afsláttur

Tröppur og stigar



30% afsláttur

NEO topplyklasett



20% afsláttur

Fiskars garðverkfæri



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

lboð

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG



OUTBACK

Gasgrill Graphite 3b

Grillflötur: 56x38 cm, með þremur ryðfríum brennurum. **3000390**

39.990kr



Broil King

Gasgrill GEM 310

Þrír brennarar, grillflötur 52x33 cm, grillgrind í steypujárni, hliðarborð. **3000613**

49.990kr



weber

Gasgrill Q2200

Grillflötur: 39 x 54 cm, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi. **3000378**

58.990kr



Nýtt

14,21 kW

NEXGRILL

Gasgrill Classic 4B

Fjögurra brennara, með hliðarbrennara, breidd grills: 118,2 cm. **3002020**

79.990kr



Allar sláttuvélar

20%

afsláttur

TEXAS BLACK+DECKER AL-KO IKRA mögatec





Góð ráð hjá Gylfa

Gylfi Már Ágústsson, sölustjóri og málarameistari veitir ráðgjöf um viðald á pallinum og allri almennri málningarvinnu.

Reykjanesbær
10. júní
kl. 10-17

Hafnarfjörður
11. júní
kl. 10-17



Langt tilhlaup til betri tíma

LEIKLIST

Leikárið 2020 - 2021

Sigríður Jónsdóttir

Síðastliðið eitt og hálft leikár hefur ekki átt hliðstæðu í íslenskri sviðslistasögu. Ekki vegna þess sem gerðist á sviði heldur vegna atburða í samfélaginu sem urðu til þess að leikhúsin tæmdust, sviðslistafólk sat heima, áhorfendur sömuleiðis og enginn vissi hvað framtíðin bæri í skauti sér. Leikárinu 2019 til 2020 var skellt í lás um vorið. Leikárið 2020 til 2021 náði að byrja og enda en komst aldrei fyllilega á flug. Tvær langar lokanir yfir haust- og vormánuði léku leikárið grátt.

Í kófinu var sviðslistafólk nauðbeygt til að aðlaga sig snögglega eftir fordæmalausa tíma og löng barátta, sem sér ekki fyrir endann á, hófst til að halda sér á fjárhagslegu floti. Í Borgarleikhúsinu hefur Brynhildur Guðjónsdóttir ekki enn þá fengið tækifæri til að hefja sitt eigið leikár sem listrænn stjórnandi og stofnunin berst í bökkum, enda kemur mikið af rekstrarfé Leikfélags Reykjavíkur frá sölu aðgöngumiða. Framgangur Þjóðleikhússins hefur heppnast aðeins betur, en stofnunin, undir tiltölulega nýrri stjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar, er auðvitað rekin af ríkinu. Mikil endurnýjun á starfsfólki hefur átt sér stað hjá báðum stofnunum og verður forvitnilegt að sjá hvaða verkefnavali stóru leikhúsin tefla fram á næsta leikári.

Of mikil áhætta

Sjálfstæða senan varð þó verst úti. Sem dæmi má taka að Leikhópurinn Lotta fer ekki út á land í sumar, í fyrsta skipti í mörg ár, áhættan er hreinlega of mikil. Þau sem og annað sjálfstætt starfandi sviðslistafólk fóru illa út úr efnahagsaðgerðum ríkisins, flækjustig stjórnsýslunnar og raunverulegt rekstrarumhverfi grasrótarinnar áttu ekki leið saman. Það er deginum ljósara að taka þarf til í kerfinu. Leikhópar eiga ekki að treysta á umsóknir fyrir hvert verkefni fyrir sig heldur fá þróunarstyrki fyrir langtímavinnu, leikskáld sömuleiðis, og þau þarf að styrkja miklu betur. Kjarabarátta dansara og danshöfunda stendur ennþá yfir, sömuleiðis umræða um framtíð óperu á landinu.

Þegar samkomutakmörkunum var aflétt að hluta til voru aðstæður ekki alls staðar betri. Tjarnarbíó hafði ekki bolmagn til að halda úti sýningum fyrir hálftómum sal, enda mikið innanhúss púsluspil sem fylgir slíkri starfsemi. Friðrik Friðriksson hefur verið forsprakki þessarar baráttu og á hrós skilið fyrir framgöngu sína í mjög krefjandi kringumstæðum.

Á landsbyggðinni virðast Benedikt búálfur og Foreldrar hafa komið Leikfélagi Akureyrar til bjargar. Tæring, samstarfsverkefni MAK og Hælisins, var ansi merkileg upplifun á meðan þriðja bylgjan lék þjóðina grátt í haust. Einnig er loksins búið að hækka menningarfjárframlög til bæjarfélagsins, sem boðar vonandi gott fyrir landsbyggðina alla.

Eru þær þess virði?

Eins og áður sagði kom Þjóðleikhúsið betur út úr þessum óvanalegu tímum. Vertu úlfur, leikstýrt af Unni Ösp Stefánsdóttur, sló í gegn, Nashyrningarnir eftir Ionesco í leikstjórn Benedikts Erlingssonar ruddust inn með látum og Kópavogskróníka náði einnig um þjátíu sýningum. Því miður tókst ekki eins vel til í Borgarleikhúsinu þó að Oleanna með Hilmi Snæ Guðnasyni og Völu Kristínu Eiríksdóttur hafi trekkt inn áhorfendur. Aðrar stórar sýningar á borð við Sölumaður deyr í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur heppnuðust ekki eins vel.



Unnur Ösp Stefánsdóttir og Héðinn Unnsteinsson unnu sigur með Vertu úlfur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Barnasýningar voru fjölbreyttar en þar stendur Fuglabjargið, með leikhópnum Hin fræga önd, upp úr. Ný-sirkusinn, Allra veðra von, og smærri óperusýningar, til dæmis Kok og Ekkert er sorglegra en manneskjan, blésu ferskum vindum um leiksviðin. Vorblót, verkefni Reykjavík Dance Festival, í Tjarnarbíói, bryddar ætíð upp á tilraunakenndum nýjungum.

En hvað með framtíðina? Mörgum sýningum sem áttu að fara á fjalirnar þurfti að fresta ítrekað, sumar eru komnar yfir á þriðja leikárið. Kardemommubærinn í Þjóðleikhúsinu, sem náði ansi mörgum sýningardögum, og 9 líf í Borgarleikhúsinu, sem er enn þá í bið, eru ágætis dæmi um þessa klemmu. En stóra spurningin vofir yfir stærri leikhúsum höfuðborgarsvæðisins um stærri leiksýningar. Eru þær þess virði? Þær taka upp mikinn tíma innanhúss, eru dýrar í rekstri og smærri verkefni líða fyrir.



Tæring var merkileg upplifun, segir gagnrýnandinn.

> Nú er kominn tími til að stærri leikhúsin bjóði til sín fleiri erlendum leikstjórum og öðru fagfólki til að auðga flóruna og bjóða áhorfendum upp á ný sjónarhorn.

Nú er kominn tími til að stærri leikhúsin bjóði til sín fleiri erlendum leikstjórum og öðru fagfólki til að auðga flóruna og bjóða áhorfendum upp á ný sjónarhorn. Að sama skapi er nauðsynlegt að bjóða Íslendinga af fjölbreyttum uppruna velkomna í miklu meiri mæli, Tjarnarbíó hefur staðið sig einkar vel í þessum málum og þar má nefna Polishing Iceland sem dæmi. Einnig þarf að leggja meiri áherslu á ný, íslensk verk, Útlendingurinn eftir Friðgeir Einarsson og The last kvöldmáltíð eftir Kolfinnu Nikulásdóttur sýna að hæfileikana skortir ekki. Þýðingar á leikritum Tyrfings Tyrfingssonar á erlend tungumál sýna líka að áhuginn fyrir íslenskum leikritum er svo sannarlega til staðar erlendis.

Liggur á að mæta

Útskriftarnemar leiklistardeildar Listaháskóla Íslands frumsýndu á dögunum útskriftarverkefnið sitt, breska leikritið Krufning á sjálfsmorði eftir Alice Birch, í Þjóðleikhúsinu, leikstýrt af Mörtu Nordal og Önnu Maríu Tómasdóttur. Í sumar verður ýmislegt á boðstólum sem vert er að fylgjast með. Reykjavík Fringe Festival verður á sínum stað og Act Alone sömuleiðis.

En fortíðinni má heldur ekki gleyma. Leikminjasafn Íslands hefur fundið framtíðarstaðsetningu innan veggja Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Nýr, sérhæfður starfsmaður hóf störf á þessu ári og til að gæta gagnsæis var undirrituð ráðin í verkefnið. Þetta er stórt skref til að tryggja varðveislu ómetanlegra menningargagna sem endurspegla þrekvirki listafólks á landinu.

Leikhúsin eru að opna dyr sínar og samkomutakmarkanir eru að líða undir lok, vonandi varanlega. Ekki er ólíklegt að leikhúsfólk sem og áhorfendur bíði spenntir eftir að hlaða batteríin í sumar, en þá skiptir máli að viðbragðið í haust láti ekki á sér standa og að sem flestir kaupi sér miða í leikhús á næsta leikári. Það liggur nefnilega á að mæta og fagna fjölbreytileikanum í leikhúsinu, kaupa miða á sviðslistaviðburði af öllu tagi, styðja sjálfstæða leikhópa og íslensk leikskáld.

Sjáumst í leikhúsinu! ■




Heiðra minningu Guðríðar Þorbjarnardóttur

Brennuvargar er félag leirlistamanna sem sérhæfir sig í brennslu á leirmunum með lifandi eldi. Markmiðið er að endurvekja og þróa áfram aðferðir fortíðar við að brenna leirmuni í lifandi eldi og öðlast frekari þekkingu með tilraunum. Niðurstöðum er komið á framfæri með sýningum, brennslugjörningum og fræðslu til almennings.



Listaverk eftir Katrínu V. Karlsdóttur.

Þetta árið heiðra Brennuvargar minningu Guðríðar Þorbjarnardóttur, landnámskonu og heimshornaflakkara, með brennslu á verkum sínum í lifandi eldi á Nýp á Skarðsströnd. Sýning á verkunum verður á Nýp til 19. júní og í Vínlandssetrinu Leifsbúð í Búðardal 20. júní - 15. september. ■



Verk á sýningu listakonunnar.

Titringur í Gerðubergi

Sýning Siggu Bjargar Sigurðardóttur, Stanslaus titringur, er sumarsýning Borgarbókasafnsins í Gerðubergi. Myndheimur Siggu Bjargar hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar síðastliðið ár og þróast í nýjar áttir bæði hvað varðar efnisval og innihald.

Sigga Björg teiknar hömlulaust og leyfir öllu að flæða í óritskoðuðu vinnuferli. Útkoman er oftar en ekki sería af teikningum, þar sem mannleg hegðun, frumstæðar kenndir og tilfinningar birtast í sínu hráasta formi. Listakonan kannar þannig oft og tíðum óljós mörkin milli mennskunnar og hins dýrslega. ■



Pétur Björnsson og Elena Postumi léku í Hörpu og glöddu gagnrýnandann.

Óbrjálaðir hljóðfæraleikarar sem vönduðu sig

TÓNLIST

★★★★☆

Frá síðrómantík til nútíma

Flytjendur: Pétur Björnsson og Elena Postumi
Verk eftir: Debussy, Webern, Postumi, Cage og Strauss. Pétur Björnsson lék á fiðlu, Elena Postumi á píanó
Norðurljós í Hörpu
sunnudaginn 6. júní

Jónas Sen

Einu sinni í Lundúnum var verið að flytja trío eftir Anton Webern, þegar sellóleikarinn varð skyndilega brjálaður. Hann hætti að spila, stökk á fætur og æpti: „Ég þoli þetta ekki lengur!“ Atvikið vakti mikla athygli. Það varð að heitum umræðum á opinberum vettvangi um réttindi flytjenda til að ritskoða tónlist, og hafna að vild.

Verk Weberns eru mjög flókin, og byggja á tækni sem aldrei hefur náð vinsældum meðal almennings. Þar hefur hver einasti tónn sína merkingu, þeir eru ekki endilega bara hluti af melódíu. Tónarnir verða því að vera sérstaklega vel mótaðir. Heildaráferðin er ómstríð, og þannig tónlist er ekki fyrir hvern sem er. Þau eru afar krefjandi fyrir flytjendur, og ekki síður áheyrendur.

Voru stillt og þæg

Sinfóníuhljómsveit Íslands, svo dæmi sé tekið, neyðist til að flytja allt mögulegt. Ég er viss um að margan hljóðfæraleikarann hefur oft langað til að standa upp og öskra á tónleikum. En Pétur Björnsson fiðluleikari og Elena Postumi píanóleikari voru einkar stillt og þæg þegar þau spiluðu fjögur stykki op. 7 eftir Webern í Hörpu á sunnudaginn. Tónlistin var vissulega ómstríð og spúkí, en hún var líka mjög stutt. Hvert stykki var eiginlega búið áður en það byrjaði, ef svo má segja. Tónarnir voru fágaðir og vel tímasettir, útkoman var furðu áheyrileg. Þarna var alveg óþarfi að stökkva upp og grenja.

Noktúrna eftir John Cage kom líka á óvart fyrir það hve hún var látlaus. Cage samdi ótrúlegar tónsmíðar, og sú frægasta samanstendur eingöngu af þögn. Noktúrnan hér var hins vegar gædd fallegum laghendingum sem þau Pétur og Elena útfærðu af smekkvísi í hvívetna.

> Tæknin var áreynslulaus, túlkunin þrungin alls konar tilfinningum.

Loftið fylltist af litum

Sónatan eftir Debussy var jafnframt falleg hjá hljóðfæraleikurunum. Alls konar litbrigði voru hrífandi, framvindan í tónlistinni var skáldleg og grípandi. Loftið allt í kring fylltist af litum. Pétur sýndi þarna einstaklega gott vald á fiðlunni. Bæði var bogatæknin fullkomin og fingraspilið lipurt og skýrt. Fiðlan sjálf sem hann spilaði á var líka frábær. Tónsviðið samsvaraði sér vel, og efstu tónarnir voru alveg lausir við að vera sárir, eins og stundum vill gerast þegar fiðlan er annars vegar.

Elena spilaði einnig ágætlega. Tónmyndun hennar heilt yfir var vönduð og hófstillt, sem kom reyndar aðeins að sök í sónötunni op. 18 eftir Richard Strauss. Hún leið stundum fyrir skort á snerpu í píanóleiknum. Þetta er fallegt verk sem minnir töluvert á Brahms. Í henni er heillandi náttúrustemning, og sterk rómantík sem kemur augljóslega frá hjartanu. Pétur lék hana af kostgæfni, tæknin var áreynslulaus, túlkunin þrungin alls konar tilfinningum. Píanóleikurinn var líka góður, en hefði mátt vera kröftugri, eins og fyrr segir.

Loks ber að nefna verk eftir píanóleikarann sjálfan, Canto notturno, sem var gædd skemmtilegri dulúð og spennandi stígandi, og byggðist fyrst og fremst upp á fínlegum blæbrigðum sem skiluðu sér prýðilega á tónleikunum. Þetta var glæsileg dagskrá. ■

NIÐURSTAÐA: Flottir tónleikar með fallegri tónlist sem var yfirleitt frábærlega flutt.

VINNINGASKRÁ

6. flokkur 2021
Útdráttur 8. júní 2021

HAPPDRÆTTI SÍBS

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000

8858

AUKAVINNINGAR kr. 100.000

8857 8859

PENINGAVINNINGAR kr. 500.000

8421 13234 14250 33684 41316 42179 46319 66453 69641 73535

PENINGAVINNINGAR kr. 100.000

5	4588	9849	12914	19738	26471	31676	33953	37428	39838	47100	55658	64020	74971	78875
192	4871	10610	12985	19770	28045	32276	34258	37932	42759	47304	56618	64749	75584	79388
920	6109	10759	13456	20085	28662	32411	34838	38266	43083	49267	56908	67945	76655	
2171	7545	11161	16636	20821	28914	32454	35286	39119	44227	52403	56948	69192	77365	
2646	7605	11399	17778	21163	29189	32568	35926	39272	44520	53144	57793	70496	77555	
4150	8427	12061	18111	22957	30428	32572	36237	39544	45637	54735	61918	72096	77571	
4409	8795	12079	18912	24005	30433	32845	36477	39692	47093	55522	62375	74948	78424	

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

366	4962	10443	14655	18453	23672	27072	32567	38815	43389	48783	52670	59772	63559	67419	71297	76713
834	4966	10480	14790	18687	24417	27539	32577	38994	43520	48968	53296	59804	63648	67478	72435	77044
1774	7197	10830	15005	18953	24694	28074	33234	39456	44969	49254	53331	59969	63694	67958	72514	77839
1849	7426	10876	15189	19193	25079	28872	33642	39462	45130	49587	55268	60166	64590	67992	72950	78239
2074	7873	11142	15376	20409	25182	29145	34293	40056	45963	49769	56404	60651	64998	68543	73250	78728
2081	8040	11533	16128	20845	25208	29778	34850	40772	46199	49922	57110	61217	65053	68544	73408	79079
2250	8112	12164	16331	21145	25455	30125	36549	40809	46256	49932	57118	61252	65254	69602	73422	79360
2638	8207	12816	16663	21848	25489	30657	36618	41344	46583	49996	57244	61520	65662	69635	74055	79603
3452	8572	12820	16809	21864	25709	30682	37360	41868	47941	50355	57555	62244	65953	70407	75442	
3663	9164	12932	17098	22293	26547	31204	37374	42162	48017	50469	58021	62890	66811	70955	75457	
3800	9545	13434	17942	22665	26593	31938	37523	42433	48245	51875	58027	63369	67049	71082	75992	
4931	9872	13681	18109	23341	26843	31958	37975	42687	48620	51963	58941	63387	67116	71121	76257	

VÖRUÚTTEKT kr. 30.000

160	6622	11651	16623	20372	25400	29691	34079	38295	42681	46969	52619	56941	63034	68220	72873	78306
194	6766	11780	16948	20395	25447	29717	34267	38296	42727	47021	52929	57109	63107	68244	73029	78486
272	6994	11823	17085	20446	25727	29816	34432	38343	42828	47348	53176	57304	63247	68275	73073	78796
505	7226	11906	17096	20458	25733	30078	34550	38601	42891	47670	53327	57444	63312	68321	73456	78820
596	7237	12153	17147	20651	25735	30222	34582	38709	42976	47712	53441	57544	63417	68579	73548	78969
601	7329	12247	17260	20703	25785	30225	34649	38719	43480	47969	53494	57636	63739	68584	73856	79228
826	7410	12289	17352	20721	25816	30456	35076	38854	43488	47988	53528	57808	63927	68614	73970	79456
883	7499	12419	17649	20942	25833	30475	35091	39007	43507	48002	53777	57836	64297	68669	73996	79587
1174	7775	12433	17733	20974	25891	30700	35106	39073	43631	48106	53786	57907	64337	68760	74044	79621
1247	7844	12448	17758	21007	26317	30991	35287	39210	43662	48149	53794	58107	64401	68884	74070	79666
1274	7894	12493	17824	21059	26319	31059	35420	39228	43727	48334	53968	58156	64418	68890	74098	79674
1471	7964	12868	17840	21215	26436	31107	35545	39257	43771	48416	54201	58178	64587	69310	74109	79766
1508	8046	12949	17888	21301	26523	31179	35701	39460	43868	48494	54428	58581	64775	69330	74205	
1547	8089	13120	17968	21519	26663	31296	35968	39475	43920	49115	54440	58634	64782	69375	74373	
1677	8282	13217	18061	21743	26668	31476	36001	39494	43943	49190	54443	58731	64897	69438	74380	
1726	8319	13309	18355	21789	27044	31545	36172	39559	44071	49196	54491	58741	65181	69498	74394	
1770	8325	13422	18436	22068	27169	31651	36179	39710	44258	49253	54508	58792	65200	69659	74419	
1814	8387	13469	18465	22118	27225	31657	36242	39877	44440	49458	54541	58900	65232	69704	74624	
2017	8522	13556	18520	22184	27295	31784	36310	40065	44524	49597	54660	58927	65308	70046	74773	
2289	8568	13991	18576	22471	27314	31786	36316	40149	44764	49617	54767	58931	65633	70096	74918	
2400	8788	14062	18658	23033	27327	31809	36404	40281	45006	49638	54869	58942	65637	70354	74933	
3098	8833	14135	18671	23039	27385	32047	36491	40378	45022	49646	54940	58968	65683	70514	74959	
3561	9081	14207	18709	23083	27620	32137	36816	40457	45077	49966	55043	59265	65707	70585	75927	
